

**Stefna Akureyrarbæjar
í búsetumálum
fólks með fötlun**

**Framtíðarsýn til ársins 2013
og leiðir til árangurs**

Júní 2003

Stefna Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun

Framtíðarsýn til ársins 2013 og leiðir til árangurs

Inngangur

Í upphafi árs 1997 tók Akureyrarbær að sér þjónustu við fatlaða skv. lögum nr. 59/1992 (sjá fylgiskjal 1) með samningi við félagsmálaráðuneytið um að gerast reynslusveitarfélag um þjónustu við fatlaða, en þessi þjónusta hafði áður verið á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Við þetta sköpuðust tækifæri til að færa þjónustu við fólk með fötlun skrefi fram á Akureyri en í þeim sveitarfélögum sem ekki gerðu slíkan samning.

Markmið Akureyrarbæjar er að vera ávallt í fararbroddi hvað varðar þjónustu við fólk með fötlun. Til að svo megi vera er nauðsynlegt að setja sér markmið og marka stefnu til framtíðar. Búseta er veigamikill þáttur varðandi lífsgæði fólks og því sérstaklega mikilvægt að setja sér ákveðin markmið þar að lútandi. Í búsetumálum skal þjónustan vera metnaðarfull hvað varðar gæði, nýjungar og framfarir.

Lögð er áhersla á að einstaklingar með fötlun geti valið sér búsetuform í samræmi við óskir sínar og þarfir á sama hátt og aðrir þjóðfélagsþegnar og þeim skuli tryggð sú þjónusta og stuðningur sem þeir þurfa til að lifa sjálfstæðu lífi á eigin heimili. Fólk með fötlun á rétt á eigin heimili og einkalífi á sama hátt og aðrir. Í lögum og alþjóðasamþykktum er skýrt kveðið á um friðhelgi heimilisins, það á einnig við um heimili fólks með fötlun.

Ekki er mikið um að sett hafi verið fram viðmið um húsnæði sem stendur fólki með fötlun til boða en í stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar og í ályktun sem gerð var á landsfundi samtakanna í október 2002 segir: “Íbúðarhúsnæði fyrir fólk með fötlun skal uppfylla lágmarkskröfur um einkarými auk viðbótarrýmis vegna fötlunar” (sjá fylgiskjal 2 og 3). Í stefnuskrá Öryrkjabandalags Íslands kemur fram að jafnrétti skuli vera til búsetu og að fólk með fötlun skuli búa við öryggi í húsnæðismálum (fylgiskjal 4). Akureyrarbær tekur undir þessar yfirlýsingar varðandi íbúðarhúsnæði fyrir fólk með fötlun.

Í samræmi við stefnumótun Akureyrarbæjar í þjónustu við aldraða þá er það markmið Akureyrarbæjar að aldraðir, hvort sem þeir hafa fötlun eður ei, geti búið eins lengi og unnt er á eigin heimili með nauðsynlegri þjónustu.

Akureyrarbær stefnir að því að búsetuþjónusta við fólk með fötlun sé skipulögð og veitt á einstaklingsbundnum forsendum og með það viðhorf í huga að fólk með fötlun er ekki einsleitur hópur, heldur einstaklingar með fjölbreytilegar þarfir eins og aðrir bæjarbúar. Búsetuþjónustan skal miða að því að efla fólk með fötlun til sjálfshjálpar með það fyrir augum að auka sjálfstæði þess, þegar því verður við komið. Í samræmi

við þetta skal stefnt að samþættingu búsetuþjónustu við aðra almenna þjónustu, ekki síst heimaþjónustu. Á sama hátt skal stefnt að því að allar umsóknir um húsnæði, hvort sem það eru almennar leiguíbúðir, sambýli, íbúðasambýli eða íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, verði afgreiddar á sama hátt og aðrar húsnæðisumsóknir sem berast til bæjarins.

Brýnt er að stuðla að aukinni þátttöku fólks með fötlun í samfélaginu sér í lagi þegar um er að ræða ákvarðanir og breytingar sem snerta hagi þess. Leita skal eftir samstarfi við einstaklinga eða talsmenn þeirra um samráð og þátttöku í skipulagningu á húsnæði og þjónustu.

Á hverjum tíma skal ávallt leitast við að mæta brýnustu þörfum og forgangsraða veitingu þjónustunnar í samræmi við það.

Núverandi staða

Samkvæmt reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002 (sjá fylgiskjal 5) skal einstaklingum með fötlun standa til boða eftirfarandi búsetukostir; íbúðir, íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, sambýli, áfangahemili, vistheimili og heimili fyrir börn (sjá fylgiskjal 6). Á Akureyri eru allir þessir kostir í boði að undanskildu vistheimili.

Húsnæði sem sérstaklega stendur einstaklingum með fötlun til boða á Akureyri er í eigu ýmissa aðila þ.e. ríkisins, Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Geðverndarfélag Akureyrar og Akureyrarbæjar

Sambýli

Á Akureyri eru alls níu heimili/sambýli fyrir einstaklinga 18 ára og eldri með fötlun. Á þessum níu sambýlum búa 45 einstaklingar. Einungis tvö af sambýlunum eru sérhönnuð fyrir fólk með fötlun, en það eru sambýlin Hafnarstræti 16 og Snægil 1. Hin sambýlin sjö eru í húsnæði sem henta misvel fyrir slíka starfsemi. Íbúar sambýlanna eru á aldrinum 19-67 ára og eru þeir í þjónustuflokkum 3-7 (sjá fylgiskjal 7). Sjö einstaklingar eru á biðlista eftir sambýli en þar af eru fimm á svokölluðum minnislista þ.e. einstaklingar sem hafa afþakkað tilboð í bili eða eru í annarri búsetu.

Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu

Þrjú íbúðakjarnar með sameiginlegri aðstöðu eru á Akureyri og er húsnæði tveggja þeirra sérhannað fyrir fólk með fötlun. Sá íbúðakjarni sem ekki er sérstaklega hannaður fyrir fólk með fötlun hentar þó ágætlega fyrir einstaklinga sem eru ekki með miklar líkamlegar fatlanir. Þjónustukjarnarnir eru staðsettir í Skútagili 2, Eiðsvallagötu 34 og Borgarhlíð 3 d, e og f. Íbúar í þjónustukjörnunum eru 18 talsins. Þar af búa 10 í einstaklingsíbúðum en í 4 íbúðum búa tveir saman, þar af tvenn hjón. Íbúar þjónustukjarnanna eru á aldrinum 26-57 ára og eru þeir í þjónustuflokkum 2-5. Tíu eru á biðlista eftir íbúð í þjónustukjarna, þar af eru fimm einstaklingar með geðrænar raskanir. Vitað er um einstaklinga sem af einhverjum sökum þurfa á sérstökum búsetuúrræðum að halda í framtíðinni s.s. fólk með sjúkdóma eða skaða í miðtaugakerfi. Þessir einstaklingar eiga ekki búsetuumsókn en sennilega er um að ræða þrjá til fjóra einstaklinga. Ekki er ljóst hvort eða hvenær þeir þurfa á

búsetuúrræði að halda. Því er ekki sett inn í þessa áætlun hvenær og hvernig verður brugðist við búsetuþörf þeirra heldur verður fjallað um það sérstaklega þegar þar að kemur.

Áfangaheimili

Áfangaheimilið í Álfabyggð 4 er eina áfangaheimilið á Akureyri. Þar geta einstaklingar með geðrænar raskanir fengið tímabundna búsetu í allt að 3 ár. Á hverjum tíma geta búið þar sjö einstaklingar. Aldur íbúa getur verið mjög mismunandi en í dag eru þeir á aldrinum 23-43 ára, í þjónustuflokkum 2-3. Tíu einstaklingar eru á biðlista eftir búsetu á áfangaheimili. Gegnumstreymi á áfangaheimilinu er ekki nógu mikið þ.e. það kemur fyrir að einstaklingar búa þar mun lengur en æskilegt er þar sem skortur er á öðrum úrræðum t.d. þjónustuíbúðum og einnig hefur almennur leigumarkaður verið erfiður.

Heimili fyrir börn:

Á Akureyri er eitt heimili fyrir börn yngri en 18 ára þar sem búa þrír einstaklingar. Húsnæðið er ekki sérstaklega hannað fyrir fatlaða en hentar þó ágætlega starfseminni í dag. Ef umsókn kæmi fyrir mikið líkamlega fatlað barn þyrfti að gera einhverjar endurbætur á húsnæðinu. Einstaklingarnir sem nú búa á heimilinu eru í þjónustuflokkum 6-7. Í júní losnar eitt pláss á heimilinu. Eitt barn er á biðlista eftir heimili fyrir börn en 1-2 börn gætu fyrirvaralítið þurft á búsetu að halda þó að ekki liggi fyrir umsóknir fyrir þau.

Íbúðir

Margir einstaklingar með fötlun búa sjálfstætt eða með fjölskyldum sínum í eigin íbúðum eða í leiguíbúðum í eigu Akureyrarbæjar, Öryrkjabandalagsins, Landssamtakanna Proskahjálpar eða annarra. Sumar íbúðanna eru hannaðar með þarfir fólks með fötlun í huga en alls ekki allar. Margir einstaklingar er búa sjálfstætt fá þjónustu frá Búsetudeild í formi heimaþjónustu (heimilisþjónusta, heimahjúkrun, félagsleg- og/eða frekari liðveisla) og eru þeir yfirleitt í þjónustuflokkum 1-3. Tuttugu og fjórir einstaklingar með fötlun eru á biðlista eftir íbúðum hjá ÖBÍ. Hjá Akureyrarbæ eru 16 einstaklingar með fötlun á biðlista eftir leiguíbúð, en sumir þessara einstaklinga eiga þó umsókn á báðum stöðum (2 einstaklingar).

Biðlisti eftir búsetuúrræðum:

Búsetuform	Biðlisti	Minnislisti
Sambýli	2	5
Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu	10	0
Áfangaheimili	10	0
Heimili fyrir börn	1	0
Íbúðir (ÖBÍ, leiguíb. Akureyrarb.)	38	0
Samtals:	61	5

Framtíðarsýn

Í dag er reknir á Akureyri þrír íbúðakjarnar með sameiginlegri aðstöðu. Í þessum íbúðakjörnum er sameiginlega aðstaðan misstór, allt eftir þörfum íbúanna á hverjum stað. Reynslan af þessu búsetuformi er mjög góð, einkarými er fullnægjandi og öll þjónusta aðgengileg. Ljóst er að íbúðasambýli og íbúðir með sameiginlegri aðstöðu eru búsetuform sem henta öllum, óháð fötlun, svo framarlega sem sú þjónusta sem í boði er miðast við þarfir einstaklingsins.

Markmið Akureyrarbæjar eru að árið 2013 verði:

- öll sambýli á Akureyri með lágmarkseinkarými. Samkvæmt reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002 verði einstaklingum með fötlun, 18 ára og eldri, eingöngu boðin búseta í almennum íbúðum, íbúðum með sameiginlegri aðstöðu og sambýlum í sérhönnuðu húsnæði með tilliti til fötlunar og einkarýmis (íbúðasambýli). Í árslok 2013 verði íbúðir með sameiginlegri aðstöðu eða íbúðir í sérhönnuðum íbúðasambýlum orðnar nálægt 63 til viðbótar við þær íbúðir sem eru í dag og hafi leyst sambýli í óhentugu húsnæði af hólmi.
- nægjanlegt framboð leiguhúsnæðis fyrir fólk með fötlun á Akureyri og aukinn fjöldi leiguíbúða sem sérhannaðar eru með tilliti til fötlunar.
- áfangaheimili komið í annað húsnæði. Stefnt er að því að bjóða einstaklingum sem þurfa tímabundna aðstoð við að koma undir sig fótunum eftir veikindi upp á búsetu í íbúðum með sameiginlegri aðstöðu og auk þess verði ein æfingaíbúð þar sem einstaklingum verði boðin búseta til skemmri tíma heldur en í hinum.
- heimili fyrir börn komið í sérhannað húsnæði þar sem við hönnun verði tekið tillit til mismunandi fötlunar einstaklinga og einkarými sé fullnægjandi.
- öll þjónusta inni á heimilum fólks einstaklingsmiðuð og í formi heimaþjónustu. Heimaþjónusta getur verið allt frá því að vera t.d. aðstoð við þrif einu sinni í viku upp í að vera sólarhringsþjónusta, allt eftir þörfum einstaklingsins.
- enginn biðlisti eftir búsetuúrræðum og þjónustu.

Leiðir að markmiðum

Í eftirfarandi aðgerðaáætlun koma fram hugsanlegir áfangar að áður skilgreindum markmiðum. Í þessari áætlun er tekið tillit til núverandi íbúa sambýla, barna og unglunga sem á næstu 10 árum þurfa á sérstakri búsetu að halda, fullorðinna einstaklinga sem nú búa í foreldrahúsum, biðlista og svo forspá um íbúaþróun næstu 10 ára á svæðinu.

Nákvæmni/áreiðanleiki áætlunarinnar takmarkast af þeirri staðreynd að margt getur breyst á 10 árum en hún er gerð í samræmi við þær upplýsingar og þekkingu sem við höfum í dag. Áætlunin mun á þessum tíu árum verða í stöðugri endurskoðun með tilliti til brýnustu þarfa hverju sinni.

Í aðgerðaáætluninni er tekið mið af mati sem gert var á húsnæði sambýlanna í september 2002 (sjá fylgiskjal 8). Þar er stefnt að því á næstu tíu árum að loka þeim sambýlum sem ekki eru í húsnæði með nægjanlegu einkarými og þar sem aðstaða og aðgengi er ekki nógu gott. Ljóst er að ef upp koma óskir frá íbúum sambýla eða aðstandendum þeirra um endurskoðun á þeirri fyrirætlan þá mun verða farið yfir mál þeirra einstaklinga sérstaklega.

Áætlunin felur í sér að í flestum tilvikum verði um að ræða leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar, ríkisins eða félagasamtaka. Í einstaka tilvikum getur þó verið um að ræða að einstaklingarnir sjálfir eigi íbúðirnar.

Við skipulagningu á íbúðakjörnum verður höfð í huga hugmyndafræði um samskiptan sem gengur út á að fólk með fötlun dreifist með sem eðlilegustum hætti í samfélaginu. Það eru sérstaklega tvö atriði sem tekið verður tillit til, annars vegar fjöldi einstaklinga í hverjum íbúðakjarna og hins vegar að dreifing íbúðakjarnanna verði sem jöfnust um íbúðarhverfi bæjarins.

Aðgerðaáætlun

- 2004:** Afhentar verði átta íbúðir í tveimur húsum. Um er að ræða íbúðir með sameiginlegri aðstöðu og íbúðasambýli. Þar munu vera tvær 3ja herbergja íbúðir og sex einstaklingsíbúðir. Með tilkomu þessara íbúða mun verða hægt að leggja sambýlið í Byggðavegi 91 niður, en það húsnæði er í eigu ríkisins. Skoða mætti hvort hægt væri að fjármagna byggingu hluta þessa nýja húsnæðis með sölu á húsnæði sambýlisins í Byggðavegi.
- 2005:** Afhentar verði sex einstaklingsíbúðir með sameiginlegri aðstöðu. Þessar íbúðir verða ætlaðar einstaklingum með geðfötlun skv. gildandi þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið.
- 2006:** Afhentar verði fimm íbúðir með sameiginlegri aðstöðu eða íbúðasambýli. Með tilkomu þessara íbúða verður hægt að leggja niður sambýlið Ægisgötu 26. Stefna skal að samningi við Landssamtökin Proskahjálpi um að fjármagna hluta af þessari nýju byggingu með sölu á húsnæðinu í Ægisgötu.
- 2007:** Afhentar verði níu einstaklingsíbúðir og ein íbúð sem hentað getur pari. Um er að ræða íbúðir með sameiginlegri aðstöðu og/eða í íbúðasambýli. Áætlað er að í þessar íbúðir flytji einstaklingar sem í dag búa á mismunandi sambýlum og einnig einstaklingar af biðlista. Með tilkomu þessara íbúða verður hægt að leggja niður sambýlið Helgamagrastræti 28. Athuga mætti hvort hægt væri að ná samningi

við ÖBÍ um að fjármagna hluta af þessum nýju byggingum í tengslum við sölu á húsnæðinu í Helgamagrastræti.

- 2008:** Afhentar verði fimm einstaklingsíbúðir með sameiginlegri aðstöðu eða íbúðasambýli. Með tilkomu þessara íbúða verður hægt að leggja niður sambýlið Þórunnarstræti 114. Stefna skal að því að semja við Landssamtökin Þroskahjálp um að fjármagna hluta af þessari nýju byggingu með sölu á húsnæðinu í Þórunnarstræti.
- 2009:** Afhent verði nýtt sérhannað húsnæði þar sem starfrækt verði heimili fyrir börn yngri en 18 ára. Á þessu heimili geti búið 5 börn á hverjum tíma. Athuga má með að semja við ríkið um sölu á Dvergagili 3 til þess að fjármagna að hluta byggingu nýs húsnæðis.
- 2010:** Afhentar verði tíu íbúðir með sameiginlegri aðstöðu í tveimur húsum eða íbúðasambýli. Í þessar íbúðir er áætlað að flytji einstaklingar er í dag búa á sambýlum og einstaklingar sem að öllu óbreyttu munu leggja inn búsetuumsókn á næstu árum. Með tilkomu þessara íbúða verður hægt að leggja niður sambýlið Jörvabyggð, ef að íbúar óska þess. Akureyrarbær er eigandi að húsnæðinu ásamt íbúum
- 2011:** Afhentar verði sex íbúðir með sameiginlegri aðstöðu sem nýttar verði sem áfanga- og þjálfunarheimili fyrir fólk með geðrænar raskanir. Með tilkomu þessara íbúða verður hægt að leggja niður áfangaheimilið í Álfabyggð. Stefnt skal að því að semja við Geðverndarfélag Akureyrar um að selja húsnæðið í Álfabyggð og taka þátt í að fjármagna byggingu á nýju húsnæði.
- 2012:** Afhentar verði fimm einstaklingsíbúðir með sameiginlegri aðstöðu eða íbúðasambýli. Með tilkomu þessara íbúða verður hægt að leggja niður sambýlið Dvergagili 40. Athuga má með að semja við ÖBÍ um sölu á húseigninni í Dvergagili 40 og í tengslum við það fjármagna að hluta byggingu nýs húsnæðis.
- 2013:** Afhentar verði fimm íbúðir með sameiginlegri aðstöðu eða íbúðasambýli. Með tilkomu þessara íbúða þá verður hægt að leggja niður sambýlið Þrastarlundi. Semja mætti við ríkið um sölu á húseigninni í Þrastarlundi og að fjármagna byggingu nýs húsnæðis. Hugsanlega má með ákveðnum endurbótum gera húsnæði Þrastarlundar þannig úr garði að það henti starfseminni jafnvel og nýtt húsnæði. Taka þarf afstöðu til þess hvað er íbúum þar fyrir bestu áður en farið verður út í framkvæmdir.

Samantekt

Fyrir um 30 árum síðan hóf Vistheimilið Sólborg starfssemi sína hér innan bæjarmarkanna en þó utan almennrar íbúðabyggðar. Á þeim tíma má segja að einu opinberu búsetuúrræðin sem stóðu fólki með fötlu til boða hafi verið á stórum

sólarhringsstofnunum. Mjög fljótlega fóru að koma í ljós ókostir þess að búa á stórrí stofnun og síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar í réttindabaráttu fólks með fötlun.

Árið 1975 var á Akureyri stofnað í Oddeyrargötu fyrsta sambýlið á Íslandi. Það þótti mikið framfaraskref á þeim tíma að bjóða fólki með fötlun búsetu sem líktist meir því sem fólk býr við almennt þ.e. í íbúðarhúsnæði staðsettu í almennu íbúðahverfi. Í ársbyrjun 1996 fluttu síðustu íbúarnir út af Sólborg í sambýli.

Ljóst er að sambýli sem búsetuform er ekki ákjósanlegasti kosturinn því þau bera í sér marga þá ókosti sem þekkjast á stofnunum, þ.e. þeim hættir til að verða litlar stofnanir. Það er réttur hvers einstaklings, hvort sem hann býr við fötlun eður ei, að lifa sjálfstæðu lífi á eigin heimili en ekki í “sambýli” með fjórum til fimm óskyldum einstaklingum bara af því að hann er fatlaður.

Einstaklingar með geðfötlun fóru að fá þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra árið 1992. Fram að þeim tíma hafði þjónusta við þá heyrt undir þrjú ráðuneyti. Á þeim tíma vantaði sárlega sérstök búsetuúrræði fyrir einstaklinga með geðfötlun. Með tilkomu þjónustuíbúðanna Skútagili 2, árið 1997, breyttist margt. Ljóst er að íbúðir með sameiginlegri aðstöðu er búsetuform sem hentar fólki með geðrænar raskanir mjög vel þ.e. að hafa nægjanlegt einkarými og vera í nálægð við þjónustu.

Niðurstaðan er að allir einstaklingar með fötlun eiga rétt á að lifa sem sjálfstæðustu lífi við sambærilegar aðstæður og aðrir bæjarbúar. Það búsetuform sem flestir kjósa sér er að búa sjálfstætt í íbúð.

Ljóst er að talsvert stór hluti fólks með fötlun ræður við alveg sjálfstæða búsetu og lausnin fyrir þann hóp er ekki íbúðir með sameiginlegri aðstöðu. Aðstoða verður þá einstaklinga við að kaupa sér íbúð eða sækja um almennar leiguíbúðir hjá Akureyrarbæ og Öryrkjabandalagi Íslands og veita þeim þjónustu eftir þörfum í þá búsetu.

Ef þessi áætlun gengur eftir til ársins 2013 þá mun Akureyri vera fyrirmynd annarra í þjónustu við fólk með fötlun. Eins og Akureyri var í forystu þegar hér var opnað fyrsta sambýlið á Íslandi og þegar Sólborg fyrst sólarhringsstofnana var lokað þá mun Akureyrarbær nú verða áfram í forystuhlutverki með því að bjóða fólki með fötlun búsetu í samræmi við óskir þess og þarfir.

Til að sem best takist til við framkvæmd áætlunarinnar mun Akureyrarbær leggja ríka áherslu á gott samráð og samvinnu við alla hlutaðeigandi aðila.

Samþykkt í félagsmálaráði 2. júní 2003

Samþykkt í bæjarstjórn 24. júní 2003

Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1:** Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992
- Fylgiskjal 2:** Stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar
- Fylgiskjal 3:** Ályktun gerð á landsfundi Landssamtakanna Þroskahjálpar í október 2002
- Fylgiskjal 4:** Stefnuskrá Öryrkjabandalags Íslands
- Fylgiskjal 5:** Reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002
- Fylgiskjal 6:** Skilgreiningar á búsetuformum
- Fylgiskjal 7:** Þjónustuflokkar
- Fylgiskjal 8:** Mat á húsnæði
- Fylgiskjal 9:** Stærð einkarýmis og húsaleiga skv. nýrri reglugerð um búsetu fatlaðra
- Fylgiskjal 10:** Starfshópur um búsetumál fólks með fötlun
- Fylgiskjal 11:** Umsagnir og athugasemdir við drög að stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun

Lög um málefni fatlaðra 1992 nr. 59 2. júní

I. kafli. Markmið og skilgreining.

■1. gr. Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

□Við framkvæmd á markmiðum laganna skal tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra.

■2. gr. Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

II. kafli. Stjórn og skipulag.

■3. gr. Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðra samkvæmt lögum þessum. Skal félagsmálaráðuneytið annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna.

■4. gr. Sérstök nefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þar af annan formann.

□Stjórnarnefnd skal gera tillögur til félagsmálaráðherra um sérhæfða þjónustu við fatlaða á landsvísu sem er óháð skiptingu í starfssvæði skv. 5. gr. Þá fer stjórnarnefnd með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sbr. 38. gr.

■5. gr. Landinu skal skipt í starfssvæði málefna fatlaðra og fer svæðaskipting eftir kjördæmaskipan.

□Heimilt skal að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði. Þjónustusvæði geta miðast við einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðasamlög sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög, eða heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.

■6. gr. Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfa svæðisráð í málefnum fatlaðra.

□Svæðisráð skulu hafa eftirtalin verkefni:

1. Að gera tillögur til félagsmálaráðuneytis og svæðisskrifstofu um þjónustu og stuðla að samræmingu hennar á svæðinu.

2. Að hafa eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana samkvæmt lögum þessum séu í samræmi við markmið laganna.

3. Að veita félagsmálaráðuneyti umsögn um svæðisáætlanir, sbr. 4. tölul. 12. gr., um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða, sbr. 41. gr., og um nýja eða breytta starfsemi, sbr. 45. gr.

4. Að annast réttindagæslu fatlaðra skv. XV. kafla, þar á meðal að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

5. Að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra, sbr. ákvæði 13. gr. um þjónustusamninga.

□[Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar skipaðir af ráðherra til þess tíma er yfirfærsla

málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fjögurra ára.]¹⁾ Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. [Jafnframt skal landlæknir tilnefna einn fulltrúa úr hópi yfirlækna heilsugæslu á svæðinu.]²⁾ Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar. Svæðisráð skal kveðja á sinn fund fólk með sérþekkingu á skólamállum þegar ástæða er til.]³⁾

Svæðisráð kýs sér sjálft formann.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf svæðisráða.

¹⁾[L. 156/1998, 1. gr.](#) ²⁾[L. 93/2002, 34. gr.](#) ³⁾[L. 161/1996, 1. gr.](#)

III. kafli. Almenn þjónusta.

■7. gr. Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum.

IV. kafli. Stoðþjónusta.

■8. gr. Veita skal fötluðum þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra. Stoðþjónustu þessa skal veita á hverju svæði með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir fatlaðra:

1. Þarfir fatlaðra fyrir þjónustu á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum X. kafla.

2. Þarfir fatlaðra til hæfingar, endurhæfingar og atvinnu sem m.a. felast í því að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum XI. og XII. kafla.

3. Þarfir fatlaðra fyrir sálfræðiþjónustu, ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þar með talið að njóta tómtunda og menningarlífs. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum 10. tölul. 12. gr., 24. gr. og XIV. kafla.

4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri aðstoð við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Þjónusta þessi er m.a. skv. VIII. og IX. kafla.

V. kafli. Þjónustustofnanir.

■9. gr. Starfrækja skal þjónustustofnanir fyrir fatlaða í því skyni að koma til móts við sértækar þarfir þeirra svo að þeir geti lifað sjálfstæðu lífi.

Þjónustustofnanir þessar skulu starfræktar á hverju svæði eftir því sem þörf er á:

1. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
2. Dagvistarstofnanir fatlaðra.
3. Verndaðir vinnustaðir.
4. Leikfangasöfn.
5. Skammtíamavistun.

Félagsmálaráðherra er heimilt að bæta við þjónustustofnunum eða fella niður að fenginni umsögn stjórnarnefndar.

Félagsmálaráðherra veitir leyfi fyrir starfsemi nýrra stofnana, svo og fyrir meiri háttar breytingum á starfsemi stofnana að fengnum tillögum svæðisráða og stjórnarnefndar.

VI. kafli. Búseta.

■**10. gr.** Fatlaðir skulu eiga kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Búseta fatlaðra, sem lög þessi taka til, getur verið:

1. Félagslegar íbúðir.
2. Verndaðar íbúðir.
3. Sambýli.
4. Vistheimili.
5. Heimili fyrir börn.
6. Áfangastaðir.

□Félagsmálaráðherra veitir starfsleyfi skv. 3.–6. tölul. þessarar greinar.

□Búseta fatlaðra samkvæmt lögum þessum skal vera í íbúðabyggð, sbr. skipulagslög.

■**11. gr.** Umsóknir um þjónustu á stofnunum skv. 1.–3. tölul. 9. gr., svo og um búsetu skv. 2.–6. tölul. 10. gr., skulu sendar viðkomandi svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra, sbr. 12. gr. Umsókn er gild þegar hinn fatlaði eða forráðamaður hans stendur að henni. Svæðisskrifstofur meta þörf hins fatlaða fyrir þjónustu og ósk hans um búsetu í samráði við viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila. Svæðisskrifstofur taka ákvarðanir um þjónustu og búsetuform að höfðu samráði við umsækjanda og væntanlegt sambýlisfólk. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en ríkinu, þarf að koma til samþykki rekstraraðila. Óheimilt er að ákveða búsetuform skv. 2.–6. tölul. 10. gr. án þess að þörf fyrir þjónustu hafi verið metin.

□Verði ágreiningur um afgreiðslu umsóknar fjallar svæðisráð um það mál.

VII. kafli. Framkvæmd þjónustunnar.

■**12. gr.** Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfrækt skrifstofa fyrir málefni fatlaðra nema sveitarfélög yfirtaki þjónustu að öllu leyti skv. 13. gr. Svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra skulu hafa með höndum eftirfarandi viðfangsefni:

1. Að annast rekstur fyrir fatlaða á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða á vegum ríkisins samkvæmt lögum þessum.
2. Að bera ábyrgð á framkvæmdum í málefnum fatlaðra sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði, sbr. 40. gr., og ekki eru á vegum sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana.
3. Að safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra samkvæmt lögum þessum.
4. Að annast gerð svæðisáætlunar til þriggja ára um uppbyggingu þjónustu við fatlaða og leggja fyrir svæðisráð til umsagnar.
5. Að veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu til þess að þau geti sem best sinnt hlutverki sínu.
6. Að annast mat á þörf hins fatlaða fyrir þjónustu, sbr. 2. gr., í samráði við greiningaraðila.
7. Að eiga samstarf og samráð við [heilsugæslu]¹⁾ og fræðslustjóra vegna málefna fatlaðra.
8. Að eiga samstarf við sveitarfélög vegna félagsþjónustu og ferlimála fatlaðra.
9. Að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar.
10. Að sjá til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf á svæðinu.

□[Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa, að fenginni umsögn svæðisráða, til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fimm ára.]²⁾ Framkvæmdastjórum skal sett erindisbréf.

□ Félagsmálaráðherra setur reglugerð um starfsemi svæðisskrifstofa.

¹⁾L. 93/2002, 35. gr. ²⁾L. 156/1998, 2. gr.

■ **13. gr.** Svæðisráð skal eiga frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annast þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti, ýmist á vettvangi sveitarfélaga, byggðasamlaga eða héraðsnefnda. Skal ráðuneytið leita álits og umsagnar stjórnarnefndar um slíka samninga. Í þeim samningum skal kveðið á um þá þjónustu sem sveitarfélögunum er ætlað að inna af hendi, greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði og framlög til stofnana úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, enda sé ráð fyrir slíku gert í heildaráætlun, sbr. 41. gr.

□ Þegar sveitarfélögin annast þjónustu við fatlaða að öllu leyti á sérstökum þjónustusvæðum, sbr. 5. gr., skulu greiðslur miðast við fjölda fatlaðra á svæðinu og þörf þeirra fyrir þjónustu annars vegar, svo og sannanlegan rekstrarkostnað einstakra stofnana hins vegar.

□ Þegar sveitarfélög annast einstaka þjónustuþætti skal miða greiðslur við sannanlegan rekstrarkostnað. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samninga við sveitarfélögin samkvæmt grein þessari.

■ **14. gr.** Leyfi til handa sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að setja á fót og reka stofnanir skv. 9. gr. eða heimili fyrir fatlaða skv. 3.–6. tölul. 10. gr. veitir félagsmálaráðherra að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs. Heimilt er félagsmálaráðherra að gera sérstaka þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir, sbr. 3. mgr. 13. gr.

■ **15. gr.** Svæðisráð annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða. Skylt er að veita fulltrúum svæðisráða aðgang að stofnunum og heimilum fatlaðra, sem leyfi hafa verið veitt til skv. 14. gr., til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi þeirra og rekstur. Svæðisráðum ber að leiðbeina um það sem betur má fara. Félagsmálaráðherra getur svipt rekstraráðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs og stjórnarnefndar hafi hann ekki uppfyllt kröfur þeirra eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka.

VIII. kafli. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

■ **16. gr.** Á vegum ríkisins skal vera starfrækt ein greiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verkefni hennar eru:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.

2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.

3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fánleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.

4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstaðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.

5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.

6. Fagleg aðstoð til svæðisskrifstofa og að veita umsögn um þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.

7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fötlun einstaklinga í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.

8. Fræðilegar rannsóknir á sviði fötlunar og fagleg ráðgjöf varðandi kannanir á

högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisskrifstofur.

☐ Félagsmálaráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

☐ Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann bera ábyrgð á faglegri starfsemi og samskiptum við aðrar stofnanir. Framkvæmdastjóri skal bera ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar og hafa umsjón með daglegum rekstri. [Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.]¹⁾

☐ Stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skipa fimm menn. Skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn aðilann hvor, stjórnarnefnd einn en ráðherra skipar tvo án tilnefningar, þar af annan formann.

¹⁾[L. 161/1996, 3. gr.](#)

IX. kafli. Málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.

■ **17. gr.** Komi í ljós einkenni eftir fæðingu er benda til þess að barn geti verið fatlað ber að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði frumgreining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðeigandi aðilum sem leita heppilegra úrræða í samráði við foreldra.

■ **18. gr.** Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og félagsþjónustu skulu sérstaklega gefa gaum andlegu og líkamlegu atgervi barna. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni um fötlun skal upplýsa forráðamenn um það. Fer um slíkt skv. 17. gr.

■ **19. gr.** Fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skal veita hana á almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum, sbr. [lög um leikskóla, nr. 48/1991](#).¹⁾

¹⁾[Nú l. 78/1994.](#)

■ **20. gr.** Fötluð börn skulu eiga kost á þjónustu leikfangasafna. Auk útlána úr leikfangasafni fer þar fram þroska- og leikþjálfun barna. Á leikfangasöfnum skal veitt uppeldisleg ráðgjöf og leiðbeiningar við notkun leikfanga í þjálfunarskyni.

■ **21. gr.** Fjölskyldur fatlaðra barna skulu eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil. Um þjónustu þessa fer samkvæmt reglugerð.

■ **22. gr.** Foreldrar skulu eiga kost á skammtímavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf krefur. Skammtímavistun er ætlað að veita fötluðum tímabundna dvöl til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.

■ **23. gr.** Stuðla skal að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf er á. Sumardvöl er ætlað að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dveljast utan heimilis síns sér til ánægju og tilbreytingar.

X. kafli. Liðveisla.

■ **24. gr.** Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

■ **25. gr.** Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Svæðisskrifstofur taka ákvörðun um frekari liðveislu samkvæmt heimildum fjárlaga hverju sinni að fenginni umsögn svæðisráða.

XI. kafli. Félagsleg hæfing og endurhæfing.

■**26. gr.** Fatlaðir skulu njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, svo og dagvistarstofnanir fyrir fatlaða sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun. Iðju- og starfsþjálfun skal jafnframt veita á vernduðum vinnustöðum, sbr. 30. gr.

□Um læknisfræðilega endurhæfingu fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

■**27. gr.** Heimilt er að veita fötluðum aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.

2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

□Svæðisskrifstofur eða sveitarfélög, sbr. 13. gr., annast mat á þörf á aðstoð skv. 1.–2. tölul.

□Félagsmálaráðherra setur reglugerð¹⁾ um framkvæmd þessara ákvæða, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja.

¹⁾[Rg. 550/1994.](#)

XII. kafli. Atvinnumál.¹⁾

¹⁾[Rg. 376/1996.](#)

■**28. gr.** Á hverju starfssvæði skal starfrækt atvinnuleit sem hefur það markmið að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi. Í tengslum við atvinnuleit skal veita starfsráðgjöf. Þar sem sveitarfélög starfrækja sérstaka vinnumiðlun skal fela þeirri vinnumiðlun að annast atvinnuleit fatlaðra samkvæmt sérstökum samningi.

■**29. gr.** Veita skal fötluðum aðstoð til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði þegar þess gerist þörf. Skal það gert með sérstakri liðveislu á vinnustað, svo og fræðslu og leiðbeiningum til annars starfsfólks.

□Veita skal fötluðum starfsþjálfun í almennum fyrirtækjum eða stofnunum þar sem því verður við komið. Í þeim tilvikum skal gera sérstakan samning þar sem m.a. er kveðið á um þjálfunartímabil og greiðslu kostnaðar.

■**30. gr.** Á hverju starfssvæði skal fötluðum standa til boða vernduð vinna á almennum vinnumarkaði. Vernduð vinna getur falist í störfum sem skipulögð eru með tilliti til fötlunar. Heimilt skal jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða. Verndaðir vinnustaðir skulu annars vegar veita fötluðum launaða starfsþjálfun svo að þeir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skulu þeir veita fötluðum launuð föst störf.

■**31. gr.** Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við samtök fatlaðra og aðila vinnumarkaðarins, að reglulega sé gerð könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum og í framhaldi af því verði gerðar tillögur um úrbætur.

■**32. gr.** Fatlaðir skulu eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisráðs gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur það krafið veitingarvaldhafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

XIII. kafli. Húsnæðismál.

■33. gr. Stuðla skal að því að fötluðum standi til boða félagslegar íbúðir, þ.e. félagslegar leiguíbúðir, kaupleiguíbúðir og félagslegar eignaríbúðir samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Heimilt er að ráðstafa fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í því skyni að standa undir framlagi framkvæmdaraðila við byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum fyrir fatlaða sem ætlaðar eru til leigu, sbr. 4. tölul. 40. gr.

XIV. kafli. Ferlimál og ferðaþjónusta.

■34. gr. Sveitarstjórnir skulu sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar, sbr. og skipulagslög og skipulagsreglugerð. Svæðisskrifstofur skulu koma á framfæri ábendingum til byggingarnefnda um úrbætur á sviði ferlimála.

Heimilt er sveitarstjórn að skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra, með þátttöku samtaka fatlaðra, sem m.a. geri tillögur um forgangsöröðun verkefna á sviði ferlimála.

■35. gr. Sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Sveitarfélög setja reglur um rekstur ferðaþjónustu fatlaðra.

Jafnframt skulu fatlaðir eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1.–4. tölul. 9. gr. og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega.

XV. kafli. Réttindagæsla fatlaðra.

■36. gr. Svæðisráð í málefnum fatlaðra skulu standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum eftir því sem við á. Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlaða og starfa á stofnunum fatlaðra, skulu standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

■37. gr. Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði.

Trúnaðarmaður fylgist með högum hinna fötluðu og skulu forstöðumenn viðkomandi heimila veita honum nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða skal leitað eftir samþykki hans.

Telji hinn fatlaði að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð. Sama gildir telji trúnaðarmaður að réttur hins fatlaða sé ekki virtur.

Telji aðstandendur fatlaðra, hagsmunasamtök fatlaðra eða aðrir sem láta sig hag fatlaðra varða að réttur fatlaðra á heimili fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð.

Svæðisráð sér um að mál samkvæmt þessari grein fái þá meðferð sem við á hverju sinni, lögum samkvæmt. Trúnaðarmaður veitir hinum fatlaða stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

XVI. kafli. Framkvæmdasjóður fatlaðra.

■38. gr. Framkvæmdasjóður fatlaðra, sem stofnaður var með [lögum nr. 41/1983](#), skal

vera í vörslu félagsmálaráðuneytis og skal stjórnarnefnd annast stjórn sjóðsins, sbr. 4. gr. Þegar stjórnarnefnd fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni.

□Sjóðstjórn gerir tillögur til ráðherra um úthlutun.

■**39. gr.** Tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra eru:

1. ...¹⁾
2. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hvers árs.
3. Sérstakt framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra næstu fimm ár frá gildistöku laga þessara.
4. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
5. Vaxtatekjur.

¹⁾[L. 174/2000, 5. gr.](#)

■**40. gr.** Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur eftirfarandi hlutverk:¹⁾

1. Sjóðurinn skal fjármagna stofnkostnað þjónustustofnana fatlaðra, sbr. 9. gr., og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. sem eru á vegum ríkisins.

2. Sjóðurinn fjármagnar þjónustustofnanir og heimili fatlaðra á vegum sveitarfélaga, sbr. 1. tölul., eftir því sem nánar er kveðið á um í samningum skv. 13. gr.

3. Heimilt er sjóðnum að veita félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk til að koma á fót þjónustustofnunum og heimilum fatlaðra, sbr. 1. tölul.

4. Sjóðnum er heimilt að veita framkvæmdaraðilum félagslegra leiguíbúða og kaupleiguíbúða í leigu, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og 1. og 2. tölul. 10. gr. laga þessara, styrk til greiðslu framlags sem framkvæmdaraðilum ber að leggja fram samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. [Styrkur þessi má ná til alls framlags framkvæmdaraðila.]²⁾ Framlag Framkvæmdasjóðs samkvæmt þessu ákvæði er endurkræft sé íbúð tekin til annarra nota en í þágu fatlaðra.

5. Heimilt er að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga með það að markmiði að hreyfihamlaðir og blindir geti athafnað sig með eðlilegum hætti. Framlag úr sjóðnum skal aldrei vera meira en sem nemur helmingi af kostnaði vegna hverrar einstakrar framkvæmdar.

6. Heimilt er að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda, sem ekki falla undir rekstrarviðhald í skilningi fjárlaga, á þeim heimilum fatlaðra og þjónustustofnunum fatlaðra, sbr. 1.–3. tölul., sem byggðar/keyptar hafa verið og falla innan gildissviðs þessara laga. Úthlutun þess fjár sem varið er til viðhaldsframkvæmda skal vera í höndum félagsmálaráðuneytis.

7. Auk verkefna skv. 1.–6. tölul. er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum þar sem fatlaðir starfa. Enn fremur er sjóðnum heimilt að veita fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.

¹⁾Sjá einnig ákvæði [l. 174/2000, 5. gr.](#) ²⁾[L. 161/1996, 4. gr.](#)

XVII. kafli. Fjármögnun og rekstur.

Stofnkostnaður.

■**41. gr.** Svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra annast gerð svæðisáætlana um þjónustu við fatlaða og skulu svæðisráð veita umsögn um þær. Félagsmálaráðuneytið annast gerð heildaráætlunar á grundvelli svæðisáætlana ásamt tillögum stjórnarnefndar um framkvæmdir vegna sérhæfðrar þjónustu á landsvísu.

■**42. gr.** Stjórnarnefnd gerir árlega tillögur um framlög úr Framkvæmdasjóði í samræmi við heildaráætlun skv. 41. gr.

■**43. gr.** Framkvæmdasjóður fatlaðra greiðir að fullu stofnkostnað þjónustustofnana skv. 9. gr. og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. á vegum ríkisins og samkvæmt

samningi við sveitarfélög skv. 13. gr.

■**44. gr.** Framlög úr Framkvæmdasjóði til sveitarfélaga, félaga fatlaðra og sjálfseignarstofnana skulu innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi við félagsmálaráðuneytið. Í slíkum samningi skal kveðið á um að óheimilt sé að ráðstafa húsnæðinu eða selja það nema með samþykki félagsmálaráðuneytis og skal kvöð um það þinglýst. Framlagið er afturkræft sé húsnæðinu ráðstafað til annarra en fatlaðra, sbr. 3. tölul. 40. gr.

Rekstur.

■**45. gr.** Svæðisskrifstofur skulu árlega gera fjárlagatillögur og senda þær til félagsmálaráðuneytis. Sé um rekstur á vegum sveitarfélaga að ræða, sbr. 13. gr., skulu þau senda fjárlagatillögur sínar til viðkomandi svæðisskrifstofu til umsagnar. Sama gildir um félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem hafa á hendi rekstur í þágu fatlaðra. Tillögur um nýja eða breytta starfsemi skal senda svæðisráðum til umsagnar.

■**46. gr.** Gera skal fjárlagatillögur um stoðþjónustu byggða á grundvelli 8. gr.

■**47. gr.** Fjárlagatillögur vegna þjónustustofnana skv. 9. gr. og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. skulu miðast við mat á þjónustuþörf. Skal slíkt mat fara fram þegar starfsemi hefst og síðan árlega.

■**48. gr.** Þjónusta og annar rekstrarkostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu sveitarfélög greiða kostnað vegna liðveislu, sbr. 24. gr., ferlimála, sbr. 34. gr., og ferðaþjónustu, sbr. 35. gr. Um kostnað vegna leikskóladvalar fatlaðra barna, sbr. 19. gr., fer samkvæmt [lögum um leikskóla, nr. 48/1991](#).¹⁾ ...²⁾

¹⁾Nú [L. 78/1994](#). ²⁾[L. 130/1997, 4. gr.](#)

■**49. gr.** Tekjur, sem falla til vegna þeirrar atvinnustarfsemi stofnana sem nýtur framlaga á fjárlögum, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra.

■**50. gr.** Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða gjaldtöku vegna þjónustu skv. 21. og 22. gr. enda njóti viðkomandi umönnunarbóta eða örorkulífeyris og tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar.

■**51. gr.** Ferðir fatlaðra til og frá þjónustustofnunum skv. 1.–4. tölul. 9. gr. og vegna annarrar nauðsynlegrar þjónustu, sem veitt er fötluðum sérstaklega, greiðist á vegum sveitarfélaga. Ákvæði þetta á þó ekki við um akstur til og frá sumardvalarheimili og skammtímavistun.

□Félagsmálaráðherra skal setja reglur um greiðslu kostnaðar við ferðir fatlaðra utan af landsbyggðinni til og frá Greiningarstöð ríkisins sem greiðist úr ríkissjóði. Skal þar höfð hliðsjón af reglum um ferðakostnað sjúklinga innan lands samkvæmt lögum um almannatryggingar, eftir því sem við á.

■**52. gr.** Kostnaður vegna starfsemi svæðisskrifstofa, svæðisráða og stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

■**53. gr.** Sjálfseignarstofnanir og stofnanir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka, sem reknar eru samkvæmt lögum þessum og njóta framlaga úr ríkissjóði, skulu skila félagsmálaráðuneyti, viðkomandi svæðisráði, [Fjársýslu ríkisins]¹⁾ og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

¹⁾[L. 95/2002, 9. gr.](#)

XVIII. kafli. Ýmis ákvæði.

■**54. gr.** Sérhverjum, er starfar samkvæmt lögum þessum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu.

■**55. gr.** Félagsmálaráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾[Rg. 273/1993](#), [rg. 204/1994](#), [rg. 155/1995](#), sbr. [308/2000](#) og [67/2002](#); [rg. 376/1996](#), [rg. 606/1998](#),

XIX. kafli. Gildistaka.

■ **56. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992. ... Þó skal síðari málsgrein 35. gr. og fyrri málsgrein 51. gr. öðlast gildi 1. janúar 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** ...

■ **II.** Lög þessi skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu [sveitarfélaga, nr. 40/1991](#), og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Endurskoðun laganna skal m.a. miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra.

■ **III.** Félagsmálaráðherra skal eftir gildistöku þessara laga gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og skipa verkefnisstjórn/stjórnir í því skyni. Við undirbúninginn skal huga að réttindagæslu fatlaðra.

□ [Áður en yfirfærsla málaflokksins kemur til framkvæmda hafi Alþingi m.a. samþykkt:

a. ný [lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992](#), þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,

b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,

c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.]¹⁾²⁾

¹⁾[L. 156/1998, 3. gr.](#) ²⁾[L. 161/1996, brbákv.](#)

■ **IV.** Meðan á tímabundnum samningi skv. 13. gr. stendur teljast hlutaðeigandi starfsmenn svæðisskrifstofu, sem eru í starfi þegar samningurinn tekur gildi, vera í þjónustu viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar. Í slíkum samningi er félagsmálaráðherra heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi, byggðasamlagi eða héraðsnefnd allar þær valdheimildir sem framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt hver fari með það vald. Engin formbreyting verður á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir eru áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fer eftir sömu kjarasamningum og fyrr.

□ Nýir starfsmenn, sem ráðnir verða til verkefna er samningur aðila tekur til, skulu ráðnir sem starfsmenn viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar.

□ Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og sveitarfélag, byggðasamlag eða héraðsnefnd hins vegar skulu semja um ábyrgðir sínar og greiðslur varðandi réttindi og kjör starfsmanna.]¹⁾

¹⁾[L. 52/1999, 1. gr.](#)

Stefnuskrá**Landssamtökin Þroskahjálp eru frjáls félagasamtök.**

Þau voru stofnuð árið 1976 í þeim tilgangi að sameina í eina heild félög sem vinna að málefnum fatlaðra, einkum fatlaðra barna og þroskaheftra, með það að markmiði að tryggja þeim jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Landssamtökin Þroskahjálp hafa þá grundvallarstefnu að málefni fatlaðra séu málefni samfélagsins alls og að þeim skuli unnið í samráði við hagsmunasamtök fatlaðra.

Samtökin telja að stefna beri að því á allra næstu árum að ábyrgð á þjónustu við fatlaða færist frá ríki yfir til sveitarfélaga. Þau benda á að þjónusta sem er skipulögð í nánnum tengslum við þá sem hennar eiga að njóta eykur líkur á gæðum. Það er álit samtakanna að þjónusta við fatlaða skuli veitt af almennum stofnunum. Því verður uppbygging og starfsemi þeirra að vera með þeim hætti að hún nýtist öllum.

Stefnuskráin

Á grundvelli þess sem að framan greinir marka Landssamtökin Þroskahjálp eftirfarandi stefnu í starfi sínu að málefnum fatlaðra:

Fötluðum sé tryggð aðgengi að samfélaginu.

Hönnun og frágangur mannvirkja séu þannig að fatlaðir eigi þar greiðan aðgang.

Fatlaðir eigi rétt á þjónustu samkvæmt almennum landslögum til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins.

Fatlaðir eigi rétt á að þjónustan sé skipulögð og veitt í sem nánustum tengslum við þá sem hennar eiga að njóta.

Fatlaðir eigi rétt á uppeldi hjá eigin fjölskyldum eða í samsvarandi umhverfi.

Fatlaðir eigi rétt á samfelldri og sérhæfðri kennslu og þjálfun, óháð aldri, á öllum skólastigum.

Fatlaðir eigi rétt á eigin heimili og einkalífi á sama hátt og ófatlaðir.

Fatlaðir eigi rétt á nýtsamlegu og arðbæru starfi á almennum vinnumarkaði.

Fatlaðir eigi rétt á frístundaíðju eftir eigin áhuga og að eigin vali.

Fatlaðir eigi rétt á sérhæfðri umönnun í nánnum tengslum við umhverfi sitt.

Fatlaðir eigi rétt á félagsskap annarra, sambúð og kynlífi.

Fatlaðir eigi rétt á að hafa áhrif á eigið líf og ákvarðanir er að því lúta.

Landssamtökin Þroskahjálp krefjast þess að leitað sé leiða til að styrkja stöðu fatlaðra, jafnt í nánasta umhverfi þeirra sem og í samfélaginu í heild.

Einnig séu traust og eðlileg tengsl við fjölskyldu þeirra tryggð.

Landssamtökin Þroskahjálp gera sér ljóst að þörf er á sérstöku átaki til þess að tryggja full réttindi fatlaðra. Því krefjast samtökin þess að stjórnvöld

Menntun

Eitt af grundvallaratriðum almennra mannréttinda er jafnrétti til menntunar og skólagöngu.

Fötluð börn skulu eigi kost á leikskólavist.

Réttur fatlaðra barna og ungmenna til kennslu og þjálfuna við hæfi í heimaskóla sé virtur og unnið markvisst að "einum skóla fyrir alla" á Íslandi.

Fatlaður nemandi á rétt á námi með jafnöldrum sínum og að tilheyra ákveðinni bekkjardeild.

Veita skal fötluðum nemendum stuðning við hlið ófatlaðra í framhaldsskólum og séráföngum innan þeirra. Einnig við starfsnám á vinnustöðum.

Fötluðum nemendum þarf að sinna sérstaklega í sambandi við náms- og starfsval. Við námslok skal það vera í verkahring skólans að tengja nemendur við atvinnulífið.

Gera þarf átak í jákvæðri kynningu á málefnum fatlaðra í skólum og fjölmiðlum.

Atvinna

Landssamtökin Þroskahjálp telja að allir skuli eiga rétt á starfi og virkri þátttöku í atvinnulífinu. Leita skal allra leiða til þess að finna og skapa ný störf eða starfsþætti sem henta fötluðum á almennum vinnumarkaði.

Takist ekki að útvega störf á almennum vinnumarkaði getur verið nauðsynlegt að koma á fót verndaðri vinnu. Þess skal þó ávallt gætt að störfín séu í sem mestum tengslum við atvinnulífið.

Vernduð vinna getur farið fram innan almennra fyrirtækja, t.d. við ákveðna verkþætti.

Allir á vinnumarkaðnum skulu hafa sama rétt til launa og aðildar að verkalýðsfélögum.

Húsnæði

Allir fatlaðir eiga rétt á eigin heimili í samræmi við óskir sínar og þarfir. Á heimilinu er friðhelgi

beiti sér fyrir því í samvinnu og samráði við hagsmunasamtök fatlaðra að öllum fötluðum verði tryggð þjóðfélagsstaða til jafns við aðra.

Jafnrétti

Rétt fatlaðra til lífsins má aldrei vefengja.

Landssamtökin Þroskahjálp vilja vinna að því að réttindagæsla fatlaðra verði treyst á öllum sviðum og réttaröryggi þeirra aukið.

Störf í þágu fatlaðra þurfa að byggja á mannúð, réttlæti og virðingu. Sjálfsákvörðunarréttur fatlaðra skal virða í hvívetna

og þeim tryggður réttur til einkalífs með öllum tiltækum ráðum.

Fatlaðir skulu hafa sama rétt og aðrir til að velja sér búsetu og sambýlisfólk. Þess skal ætíð gætt við skráningar á persónulegum upplýsingum um fatlaða að aðeins komi fram það sem skiptir meginmáli og upplýsingar séu geymdar þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að.

Fjölskylda

Fjölskyldur fatlaðra eiga að fá þann stuðning sem nauðsynlegur er til að geta lifað eðlilegu fjölskyldulífi.

Taka skal fullt tillit til sjónarmiða fjölskyldunnar við val á stuðningsúrræðum. Lífskjör fatlaðra og fjölskyldna þeirra verði jafnan í samræmi við almenn lífskjör í þjóðfélaginu.

Öll börn, án tillits til fötlunar, eiga rétt á að alast upp hjá fjölskyldum.

Fatlaðir og fjölskyldur þeirra ráði búsetu sinni og komið sé í veg fyrir að skortur á þjónustu hindri þar fjálst val.

einkalífs virt í hvívetna.

Íbúum fjölmennra "sólarhringsstofnana" skal gefinn kostur á öðru búsetuformi. Markvisst skal unnið að úrbótum fyrir þennan hóp og stofnanirnar lagðar niður. Fatlaðir skulu eiga rétt á að velja sér búsetu og búsetuform hvort sem þeir kjósa að búa einir eða með öðrum.

Heimili fatlaðra skulu vera svipuð að stærð og gerð og önnur heimili í landinu og þau eiga að vera í almennum íbúðarhverfum. Íbúðarhúsnæði fyrir fatlaða skal uppfylla lágmarkskröfur um einkarými auk viðbótarrýmis vegna fötlunar.

Tómstundir

Fatlaðir eiga rétt á menningu og listum til jafns við aðra. Réttur til afþreyingar og þroskandi viðfangsefna í frístundum er sjálfsagður í nútíma samfélagi.

Nauðsyn á skipulögðu og fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi fyrir fatlaða verði viðurkennd af stjórnvöldum. Félagsleg hæfing verði jafn mikilvægur þáttur í námi fatlaðra og aðrir námsþættir. Fatlaðir eigi kost á að taka sumarleyfi og önnur frí utan heimilis. Þeir sem ekki geta ferðast einir eigi kost á aðstoðarmanni.

Aldraðir

Landssamtökin Þroskahjálp gera þær kröfur að aldraðir með fötlun:

Geti sem lengst búið við eðlilegar heimilisaðstæður.

Geti, ef þörf er á og þeir sjálfir óska, fengið stofnanarþjónustu á litlum persónulegum heimiliseiningum í heimabyggð sinni og skuli eftir því sem möguleikar þeirra leyfa ráðstafa sjálfir lífeyri sínum og eignum.

Geti fengið öldrunarþjónustu þegar fagleg úttekt á heilsufari þeirra og félagslegri stöðu bendir til að þörf sé á slíkri þjónustu.

Landssamtökin Þroskahjálp
Ályktanir Fulltrúafundar 2002

1. Seinfærir foreldrar

Landssamtökin Þroskahjálp hvetja stjórnvöld til að þróa stefnu í málefnum fjölskyldna þroskaheftra/seinfærra foreldra.

Við þróun stuðningsúrræða er sérlega mikilvægt að hafa hagsmuni barna og fjölskyldna að leiðarljósi ásamt virðingu fyrir foreldrunum og sértækum þörfum þeirra.

Á undanförunum áratugum hefur fjöldi þroskaheftra/seinfærra foreldra farið vaxandi hér á landi sem annars staðar. Ástæður þess eru fyrst og fremst raktar til samfélagslegrar áherslu á að fólk með fötlun skuli hafa rétt til eðlilegs lífs og fullrar þátttöku í samfélaginu. Stefna Sameinuðu Þjóðanna er skýr hvað varðar barneignir einstaklinga með fötlun.

Í Grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fólks með fötlun og mannlega reisn segir í 9. grein að ekki megi neita fólki með fötlun um tækifæri til að verða foreldrar. Auk þess sem aðildaríkjunum beri að vinna gegn neikvæðri afstöðu gagnvart barneignum fólks með fötlun.

Vegna fötlunar sinnar þurfa flestir seinfærir foreldrar annars konar og meiri aðstoð og stuðning en gengur og gerist en góður stuðningur er að öllu jöfnu forsenda þess að foreldrunum gangi vel í uppeldishlutverkinu. Víðast hvar er staðan hins vegar sú að bæði hið sérhæfða þjónustukerfi fyrir fólk með fötlun og hin almenna félags- og heilbrigðisþjónusta hafa takmörkuð úrræði og litla reynslu í að veita þessum fjölskyldum stuðning og þjónustu.

2. Réttaröryggi

Landssamtökin Þroskahjálp fagna því að félagsmálaráðherra hafi ákveðið að skipa starfshóp sem mun kanna með hvaða hætti megi tryggja sem best réttaröryggi og jafnrétti fólks með fötlun.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa lagt fram fullmótaðar tillögur um réttindagæslu fólks með fötlun. Þar er m.a. lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns fatlaðra sem hafi hagsmuni og réttindi fatlaðra að leiðarljósi, réttindagæslumenn sem undir hann heyra verði í öllum landshlutum og fólk með fötlun eigi rétt á persónulegum talsmanni. Tillögurnar má finna í heild sinni á vefsíðu samtakanna.
www.throskahjalp.is

3. Öll félagsþjónusta til sveitarfélaga

Landssamtökin Þroskahjálp skora á ríkisstjórn og sveitarfélög að taka tafarlaust að nýju upp viðræður um yfirflutning á félagsþjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Landssamtökin Þroskahjálp telja að sveitarfélög eigi að sinna félagslegum þörfum allra þegna sinna og horfa til þess að með nýjum félagsþjónustulögum verði hægt að koma á samskipan og heildstæðri þjónustu fyrir fatlaða.

Sú þjónusta sem hér um ræðir er að langstærstum hluta stuðningur við fjölskyldur fatlaðra barna og búsetuþjónusta við fólk með þroskahömlun. Hér er því fyrst og fremst um skjólstæðinga Þroskahjálpar að ræða.

Landssamtökin Þroskahjálp minna á að þjónustusamningar eru í gildi á milli ríkis og sveitarfélaga á öllu Norðurlandi, Hornafirði og Vestmannaeyjum, sem þýðir mikla óvissu um framhaldið í hvert skipti sem þeir renna út.

Óvissan um hvort og þá hvenær af tilflutningi félagsþjónustu við fatlaða lýkur, hefur staðið þróunarstarfi í málaflokknum fyrir þrifum. Landssamtökin Þroskahjálp harma þá frestun sem á yfirfærslunni hefur orðið og skora á ríkisvald og sveitarfélög að taka upp þráðinn á ný svo ljúka megi verkinu.

4. Biðlistana burt!

Landssamtökin Þroskahjálp fagna því að framlag ríkisins til þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra verður aukið á næsta ári til samræmis við áætlanir um eyðingu biðlista. Minnt er á að enn er mikið verk fyrir höndum og skora samtökin á Félagsmálaráðuneyti og Fjármálaráðuneyti að gera með sér samkomulag um auknar fjárveitingar til að ljúka verkinu á áætluðum tíma árið 2005.

5. Búseta.

Skorað er á stjórnvöld að fylgja viðmiðum Landssamtakanna Þroskahjálpar varðandi húsnæði og aðbúnað fyrir fólk með þroskahömlun.

Íbúðarhúsnæði fyrir fólk með fötlun skal uppfylla lágmarkskröfur um einkarými auk viðbótarrýmis vegna fötlunar. Þegar þjónusta er veitt inn á heimili fólks skal gæta þess að hún sé einstaklingsmiðuð en ekki hugsuð út frá hópi fólks.

Í stjórnarskrá Íslands, lögum og alþjóðasamþykktum er kveðið á um friðhelgi heimilis, það á einnig við um fólk með fötlun.

6. Stoðþjónusta

Landsamtökin Þroskahjálpar skora á stjórnvöld að marka stefnu varðandi stoðþjónustu.

Ekki eitt einasta nýtt pláss í skammtímavistun hefur litið dagsins ljós í Reykjavík og á Reykjanesi síðan 1998 og virðist það ekki vera á dagskrá stjórnvalda árið 2003. Með aukinni stoðþjónustu er hægt að stuðla að því að fötluð börn geti lengur búið í foreldrahúsum og notið venjulegs fjölskyldulífs. Sú staða sem nú er í þessum málum er algjörlega óviðunandi og skapar mikið álag á fjölskyldur fatlaðra barna og ungmenna. Þetta veldur m.a. því að foreldrar sem ekki njóta lögbundinnar stoðþjónustu hafa ekki sömu möguleika og aðrir foreldrar á vinnumarkaði og eykst þessi aðstöðumunur í réttu hlutfalli við aldur barnanna.

7. Atvinnumál

Landssamtökin Þroskahjálp skora á ríki og sveitafélög að stórefla starfshæfingu og atvinnu með stuðningi.

Á undanförunum árum hefur atvinna með stuðningi sannað gildi sitt fyrir fólk með fötlun, atvinnurekendur og hið opinbera. Einstaklingur með fötlun vinnur í eðlilegu starfsumhverfi innan um ófatlaða og reynslan sýnir að slík samskipan hefur afar góð áhrif á starfsandann. Þetta er einnig fjárhagslega hagkvæmt: Ekki þarf að leggja í stofn- og rekstrarkostnað verndaðs vinnustaðar, markaðsstarf vegna framleiðslu sparast, fjárhagsleg áhætta er engin og greiðslur ríkisins til fólks með fötlun minnka. Einstaklingarnir fá þess í stað aukin tækifæri til að skapa verðmæti fyrir þjóðarbúið.

8. Skólamál

Leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli og heilsársþjónusta

Landssamtökin Þroskahjálp skora á fræðsluyfirvöld að veita börnum og ungmennum með fötlun einstaklingsmiðað nám og þá stoðþjónustu og stuðning sem fötlun þeirra gerir kröfu til.

Ítreka skal að réttur barna og ungmenna með fötlun til kennslu og þjálfunar við hæfi í heimaskóla á grunnskólastigi er samkvæmt lögum ótvíræður.

Samtökin vilja hvetja Menntamálaráðuneytið að marka stefnu varðandi gerð og útgáfu námsefnis fyrir einstaklinga með fötlun á öllum skólastigum. Jafnframt að þeim sé tryggður aðgangur að nútíma kennslutækjum.

Skorað er á ríki og sveitafélög að móta heildstæða stefnu til þess að tryggja heilsársþjónustu fyrir börn og ungmenni með fötlun, þ.e. að í skólafríum s.s. á starfsdögum kennara, frídögum um hátíðar og í sumarleyfum, verði börn og ungmenni með fötlun ekki send heim, heldur verði þeim boðið upp á skipulagt tórstundastarf, dagvist, vinnuskóla o.fl.

9. Mannsæmandi kjör á Evrópuári fatlaðra

Landssamtökin Þroskahjálp skora á stjórnvöld að leiðrétta nú þegar kjör þeirra sem fá greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Skjólstæðingar Landssamtakanna Þroskahjálpar er flest fólk sem vegna fötlunar sinnar frá barnsaldri hefur ekki upp á neitt annað að hlaupa en greiðslur frá almannatryggingum. Það hefur aldrei átt þess kost að koma sér upp eignum eða safna í sjóði

Landssamtökin Þroskahjálp skora á stjórnvöld að sýna hug sinni til Evrópuárs fatlaðra með því að verða við sameiginlegri ósk formanna Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands um lágmarksaðgerðir í lífskjaramálum þessa hóps. Þær væru fölgjar í því að hækka fjárhæðir örorkulífeyris og tekjutryggingar til samræmis við hækkun launa frá 1. janúar 1995.

10. Kostnaðarvitund og mannréttindi

Landssamtökin Þroskahjálp skora á alla þá sem stýra þjónustu við fólk með fötlun að vera minnugir þess að oftast er sú þjónusta lögvarinn réttur viðkomandi. Að gefnu tilefni er skorað á þá að íþyngja ekki fólk með upplýsingum um hvað mannréttindi þessi kosta samfélagið.

11. Snemmóm skoðun

Landssamtökin Þroskahjálp telja að framfarir í læknávisindum eigi að þjóna lífinu og stuðla að bættri heilsu, aukinni velferð og hamingju allra þegna.

Landssamtökin Þroskahjálp álíta að snemmóm skoðun fyrir alla þungaðar konur til að leita að litningafrávikum varði manngildið í okkar þjóðfélagi. Samtökin telja afar óeðlilegt að heilbrigðisstarfsmenn einir eigi að ákvarða um slíka hluti. Þau skora á þjóðkjörna fulltrúa að móta stefnu í þessum málum. Brýnt er að höfð verði samvinna við hagsmunasamtök fólks með þroskahömlun eins og tilmæli alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) gerir ráð fyrir.

STEFNUSKRÁ ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS

Framtíðarsýn Öryrkjabandalags Íslands.

Framtíðarsýn Öryrkjabandalags Íslands er eitt samfélag fyrir alla þar sem jafnrétti ræður á öllum sviðum.

Samfélag þar sem fatlað fólk hefur tækifæri til þess að þroskast og nýta hæfileika sína til jafns við aðra þegna þessa lands og getur á hverjum tíma lifað og starfað á sínum eigin forsendum. Að skapa þjóðfélag sem byggir á aðlögun, samhjálp og gagnkvæmri virðingu.

Markmið Öryrkjabandalags Íslands eru:

- Jafnrétti til atvinnu.
- Jafnrétti til búsetu.
- Jafnrétti til félagslegrar þátttöku.
- Jafnrétti til heilbrigðisþjónustu.
- Jafnrétti til menntunar.
- Jafnrétti til sambærilegra kjara.

Tilgangur Öryrkjabandalags Íslands er:

- Að vera sameiningarafl fyrir aðildarfélögin sem orðið hafa til í þeim tilgangi að skapa fötluðu fólki og aðstandendum betra líf.
- Að vera bakhjarl félaganna varðandi öflun þekkingar og miðlun upplýsinga til fatlaðs fólks almennt, aðstandenda og annarra er þess þurfa.
- Að vera aflvaki nýrra leiða sem geta orðið fötluðu fólki á Íslandi til framdráttar.
- Að vinna að auknum skilningi almennings á eðli fötlunar, þörfum fatlaðs fólks og réttmætum kröfum til lífsgæða.
- Að vera sameiginlegur málsvari einstaklinga og fjölskyldna sem eiga misgott með að vinna að eigin hagsmunum.
- Að vera viðurkenndur fulltrúi fatlaðs fólks varðandi hverskonar réttindamál.

Helstu verkefni og áherslur.

- Öryrkjabandalag Íslands verði viðurkennt af löggjafa og stjórnvöldum sem heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi.
- Öryrkjabandalag Íslands eigi fulla aðild að undirbúningi að hverri þeirri lagasetningu sem varðar réttindamál fatlaðs fólks.
- Öryrkjabandalagið eigi fulltrúa í þeim nefndum og ráðum sem hafa framkvæmd mála fatlaðs fólks með höndum s.s. í stjórnarnefnd og tryggingaráði.
- Öryrkjabandalagið eigi óskoraðan umsagnarrétt um öll þau þingmál sem varða hagsmuni fatlaðs fólks.
- Öryrkjabandalag Íslands standi fyrir sem víðtækastri kynningu á hagsmunamálum sínum hverju sinni svo unnt sé að ná sem best til almennings í landinu og áhrifaafli í þjóðfélaginu.
- Öryrkjabandalagið efli tengsl við fjölmiðla svo tryggt verði að viðhorf þess komi fram á hverjum tíma og það eigi hlut að lifandi umfjöllun um hagsmunamál sem á dagskrá eru hverju sinni.
- Öryrkjabandalagið standi fyrir sem bestri miðlun upplýsinga út í þjóðfélagið og nýti sér nýjustu tækni í því skyni. Sérstök áhersla verði á þekkingarmiðlun til þeirra sem vinna að málefnum fatlaðs fólks.
- Öryrkjabandalagið hafi ævinlega sem besta yfirsýn til mismunandi þarfa fatlaðs fólks.

- Tengsl Öryrkjabandalagsins við aðildarfélög sín verði sem nánust og markvissust.
- Séð verði til þess að gagnkvæmar upplýsingar berist sem best í milli.
- Aðildarfélögin séu virkjuð í heildarstarfi Öryrkjabandalagsins t.d. með sameiginlegri vinnu að ákveðnum verkefnum. Því skulu fastanefndir bandalagsins stöðugt vera að störfum þannig að sem flestir komi til starfa að verkefnum þess.
- Sérstök áhersla skal lögð á það að auka tengsl við fatlað fólk á landsbyggðinni með fræðslu- og kynningarfundum. Stefnt skal að því að fatlað fólk í hverju kjördæmi myndi með sér samstarfshóp til samvinnu við Öryrkjabandalagið um gagnkvæma upplýsingamiðlun og stefnumörkun.
- Efla ber samstarf við launþegasamtökin í því skyni að tryggja sem best kjaralega stöðu fatlaðs fólks þannig að samningsbundin launa - sem og réttindaatriði skili sér að fullu inn í bótakerfið.
- Stefna skal að því að stjórnvöld komi á samstarfsnefnd bandalagsins og þeirra ráðuneyta sem koma helst að málefnum fatlaðs fólks sem tryggi að framkvæmd mála sé í sem bestu samræmi við heildarhagsmunum fatlaðs fólks.

Grundvallaratriði.

- Aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu verði tryggt. Með aðgengi er ekki einungis átt við byggingarnar sjálfar heldur kemur þar einnig til ytra umhverfi þeirra og aðgengilegar upplýsingar svo sem merkingar fyrir blinda og sjónskerta, tulkapjónusta fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta, tónmóskvakerfi fyrir heyrnarskerta og sérstakar leiðbeiningar fyrir þroskahefta. Einnig verði tekið tillit til astma- og ofnæmissjúklinga. Öryrkjabandalag Íslands beiti sér fyrir því að bygginga- og skipulagslögum hvað aðgengi varðar, verði skilyrðislaust framfylgt.
- Öryrkjabandalagið fylgi eftir markmiðum grunn- og framhaldsskólalaga um jafnrétti allra til náms og þroska. Sérkennsluúrræði verði hvarvetna tryggð.
- Tryggðir verði fjármunir til þess að staðið verði við almenn lagaákvæði um menntun. Jafnræði verði tryggt milli verklegra og bóklegra menntunarleiða.
- Fatlað fólk njóti jafnréttis til atvinnu á við aðra þjóðfélagsþegna.
- Öryrkjabandalagið vinni ötullega að atvinnumálum fatlaðs fólks í náinni samvinnu við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Leitað sé allra leiða til að tryggja fötluðu fólki störf með því að nýta alla möguleika í þjóðfélaginu til atvinnuþátttöku með aðaláherslu á að koma fólki til starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Gæta skal þess að hverjum og einum séu sköpuð atvinnutækifæri við hæfi.
- Tryggt verði að fatlað fólk búi við öryggi í húsnæðismálum.
- Öryrkjabandalag Íslands stuðli að úrlausn í húsnæðismálum fatlaðs fólks og beiti sér fyrir sem flestum valkostum að því marki.
- Hússjóði Öryrkjabandalagsins verði áfram gert kleift að gegna sínu mikilvæga hlutverki í húsnæðismálum.
- Öryrkjabandalagið vinni ötullega að því að í samfélaginu séu sem bestar aðstæður er tryggi jafnrétti fatlaðs fólks til félagslegrar þátttöku og virkrar aðildar að hverskyns menningar- og tómstundastörfum.
- Tryggður verði óhindraður aðgangur fatlaðs fólks að heilbrigðisþjónustu.
- Öryrkjabandalag Íslands beiti sér fyrir því að biðtími eftir lækni- og aðgerðum hverfi.
- Heilbrigðisþjónusta verði lífeyrisþegum að kostnaðarlausu.

Nr. 296

2. apríl 2002

REGLUGERÐ
um búsetu fatlaðra.

1. gr.

Fatlaðir skulu eiga kost á að búa þannig að sem best henti hverjum og einum miðað við óskir hins fatlaða, aðstæður og þörf á þjónustu.

Um er að ræða eftirfarandi kosti:

- A. Íbúðir.
- B. Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.
- C. Sambýli.
- D. Áfangastaði.
- E. Vistheimili.
- F. Heimili fyrir börn.

Ef rekstraraðili er annar en ríkið skal starfsemin vera á grundvelli þjónustusamnings við félagsmálaráðuneytið sem taki til reksturs á húsnæðinu og þeirrar þjónustu sem veitt er.

2. gr.

Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.

Með íbúðum með sameiginlegri aðstöðu er átt við íbúðir í fjöleignarhúsi, eða íbúðir á tilteknu svæði, með sameiginlegri aðstöðu. Með sameiginlegri aðstöðu er átt við rými þar sem starfsmenn geta haft aðstöðu og eftir atvikum einnig með eldhúsi, sjúkraháði o.fl. sem íbúar eiga aðgang að.

Sameiginleg aðstaða er rekin á vegum rekstraraðila, þ.e. leiga, eftir því sem við á, rafmagn, hiti og annar rekstur.

3. gr.

Sambýli.

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð, sbr. 4. gr., og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns.

Eigi skulu vera fleiri en sex íbúar á hverju sambýli og skulu þeir hver um sig eiga kost á einkarými ásamt snyrtiaðstöðu ef kostur er. Öll sambýli sem byggð eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu vera með snyrtiaðstöðu í einkarými.

Í húsnæði sem keypt er undir sambýli eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu herbergi ekki vera minni en 10 m².

Á sambýlum skal fjöldi starfsmanna ráðast af mati á þjónustupörf íbúanna.

4. gr.

Launakostnaður starfsmanna sambýla greiðist af rekstraraðila. Jafnframt greiðir rekstraraðili fæðisfé starfsmanna og rennur það í heimilissjóð sambýlisins.

Annar rekstrarkostnaður greiðist af íbúum sambýlisins, annars vegar með greiðslu í sérstakan heimilissjóð og hins vegar með húsaleigu.

Heimilissjóður skal standa undir sameiginlegum útgjöldum íbúanna, þ.e.

fæðiskostnaði, rafmagns- og hitakostnaði, kaupum á heimilistryggingu, afnotagjöldum af síma, sjónvarpi og útvarpi, eðlilegu viðhaldi húsbúnaðar, svo og öðru sem tilheyrir venjulegu heimilishaldi, þó ekki rekstri bíls. Jafnframt skal heimilissjóðurinn standa

undir kostnaði af viðhaldi á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu. Gerður skal samningur við hvern og einn íbúa um greiðslu í heimilissjóð. Framlag hvers íbúa í heimilissjóð skal að hámarki nema 55% af örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka eða jafngildi þess.

Gerður skal húsaleigusamningur við hvern og einn íbúa sambýlisins um þann hluta sambýlisins sem hann hefur afnot af. Um samninginn gilda ákvæði húsaleigulaga. Um leigufjárhæð fer sem hér segir:

Leiga á mánuði

Herbergi minna en 10 m² 11.000 kr.

Herbergi 10–14 m² 13.000 kr.

Herbergi stærra en 14 m² 15.000 kr.

Herbergi með snyrtingu 18.000 kr.

Ígildi 2ja herberga íbúðar 23.000 kr.

Fjárhæð húsaleigu er endurskoðuð í janúarmánuði ár hvert og tekið mið af bótum almannatrygginga eða vísitölu neysliverðs eftir því sem er fötluðum hagstæðara.

Um rétt íbúa sambýla til húsaleigubóta fer eftir lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, sbr. lög nr. 52/2001.

Samanlagt framlag íbúa til heimilissjóðs og húsaleigu, að teknu tilliti til húsaleigubóta, nemi þó ekki hærri fjárhæð en 80% af örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka eða jafngildi þess.

5. gr.

Áfangastaðir.

Með áfangastað er átt við dvalarstað fyrir fatlaða þar sem þeim er gefinn kostur á að búa tímabundið eftir að þeir hafa dvalið á stofnun og til að undirbúa sjálfstætt líf.

Ákvæði 4. gr. gilda að öðru leyti um áfangastaði.

6. gr.

Vistheimili.

Með vistheimili er átt við sólarhringsstofnanir fyrir fatlað fólk, 18 ára og eldra, þar sem fólkið á heimili og fær nauðsynlega þjónustu.

Rekstrarkostnaður greiðist allur úr ríkissjóði og fá heimilismenn vasapeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

7. gr.

Heimili fyrir börn.

Börn á aldrinum 0–18 ára sem vegna fötlunar sinnar geta ekki búið í foreldrahúsum skulu eiga kost á dvöl á sérstökum heimilum fyrir börn. Skilyrði slíkrar dvalar er að hún sé í þágu barns og að ósk foreldra/forsjáraðila og að leitað hafi verið allra leiða til að styðja og styrkja fjölskyldu barns til að annast það heima.

Foreldrar fara með forsjá barns sem dvelst á heimilinu, sbr. barnalög. Umönnun og uppeldi, sem veitt er á heimilinu, skal fara fram í samráði við foreldra barns eftir því sem kostur er. Um leið og barn fer til dvalar á heimilið skal gengið frá skriflegu samkomulagi við foreldra barns um tilhögun dvalarinnar og tengsl barns við foreldra. Skal þar m.a. kveðið á um samvistir foreldra og barns, bæði á heimilinu og á heimili foreldra, svo og stuðning foreldra við barnið, eins og í veikindum þess.

Starfsmönnum heimilisins er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við foreldra eftir því sem kostur er.

8. gr.

Þjónusta við fatlaða.

Þjónusta við fatlaða skal ávallt veitt með þeim hætti að hún efli sjálfstæði þeirra og færni.

Fatlaðir sem búa í íbúðum eða íbúð með sameiginlegri aðstöðu eiga rétt á utanaðkomandi aðstoð:

A. Heimþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hversu mikil þjónusta er veitt fer eftir mati á þjónustuþörf annars vegar og reglum viðkomandi sveitarfélags hins vegar.

B. Frekari liðveislu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Frekari liðveisla er viðbótarþjónusta við þá lögbundnu almennu þjónustu sem fötluðum stendur til boða, svo sem félagsleg heimþjónusta og heimahjúkrun, og kemur einungis til álita að réttur til slíkrar þjónustu hafi verið fullnýttur. Með frekari liðveislu er átt við aðstoð við fatlað fólk sem býr ekki á sambýli eða stofnun enda sé ljóst að hinn fatlaði þurfi á aðstoðinni að halda m.a. til að komast hjá því að búa á sambýli eða stofnun.

Þjónustan er að jafnaði einungis veitt fötluðum 18 ára og eldri. Hversu mikil þjónusta er veitt fer eftir mati á þörf, röðun í forgang á svæðinu og því fjármagni sem veitt er til málaflokksins af hálfu ríkisins.

Jafnframt geta fatlaðir átt rétt á almennri liðveislu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags.

Um heimahjúkrun vísast til laga um heilbrigðisþjónustu. Aðstoð tengist einstaklingum og þörf þeirra á hverjum tíma.

9. gr.

Á sambýlum og vistheimilum skal fötluðum veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni. Skal íbúnum veitt leiðsögn eftir þörfum og kappkostað að hafa þá með í ráðum um allt er varðar einkahagi þeirra og heimilishagi. Íbúar á áfangastað fá félagslega hæfingu, stuðning og ráðgjöf.

Heimili fyrir börn skulu tryggja börnum þroskavænleg uppeldisskilyrði og nauðsynlega umönnun. Leitast skal við að þau fái notið þjálfunar og tómtunda utan heimilis svo sem frekast er kostur.

10. gr.

Ákvörðun um búsetu og þjónustu.

Umsókn um búsetu í íbúð með sameiginlegri aðstöðu, sambýli, vistheimili, heimili fyrir börn og áfangastað skal send til viðkomandi svæðisskrifstofu. Umsókn er því aðeins gild að hún komi frá hinum fatlaða eða forráðamanni hans.

Svæðisskrifstofa skal sjá um að þörf hins fatlaða fyrir þjónustu sé metin áður en búseta er ákveðin. Skal við matið haft samráð við greiningar- og ráðgjafaraðila.

Sé viðkomandi búsetuúrræði á vegum svæðisskrifstofu tekur svæðisskrifstofa ákvörðun um vistun í samráði við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans.

Sé búsetuúrræði á vegum annars aðila en svæðisskrifstofu, þ.e. sveitarfélags, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnunar, skal leita samþykkis þess aðila áður en ákvörðun um vistun er tekin í samráði við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans.

11. gr.

Verði ágreiningur um afgreiðslu umsóknar um búsetu skv. 10. gr. skal málið sent svæðisráði sem fjallar um það mál.

12. gr.

Rekstur og ábyrgð á starfsemi stofnana og heimila fatlaðra og varsla einkafjármuna íbúa.

Rekstraraðili heimilis eða stofnunar, eða starfsmaður í umboði hans, ber ábyrgð á starfsemi heimila og stofnana skv. B–F-lið 1. gr., þ.e. starfsmannahaldi, innra starfi og samskiptum við aðra aðila, svo sem aðstandendur, vinnustaði, skóla og dagvist.

Í þeim tilvikum þar sem hinn fatlaði getur ekki séð um meðferð einkafjármuna eða hún hefur ekki verið falin öðrum aðila gildir eftirfarandi tilhögun:

A. *Sambýli og áfangastaðir.*

Rekstraraðili, eða starfsmaður í umboði hans, ber ábyrgð á vörslu þeirra einkafjármuna íbúa sem renna eiga til reksturs heimilisins, þ.e. húsaleigu, sameiginlegs heimilissjóðs, svo og til persónulegra þarfa íbúa.

Rekstraraðili skal fela tilteknum starfsmanni sambýla og áfangastaða að halda bókhald um fjárframlag íbúa til húsaleigu og heimilissjóð og er ábyrgur gagnvart íbúum eða umboðsmönnum þeirra um meðferð rekstrarfjármuna.

Greiðslur til einkaneyslu, utan heimilissjóðs og húsaleigu, skulu færðar sérstaklega.

B. *Vistheimili.*

Um ábyrgð á vörslu vasapeninga og færslur fer eftir A-lið 3. mgr.

Ákvæði A-liðar 2. mgr. getur jafnframt átt við um íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.

Gerður skal samningur milli rekstraraðila og íbúa um vörslu og meðferð einkafjármuna þeirra samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og með hliðsjón af 3. gr. laga, nr. 52/2001, um breytingu á lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997, öðlast gildi 1. október 2002. Frá sama tíma er úr gildi fallin reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 555/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 2002.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

Nr. 856

10. desember 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um búsetu fatlaðra,
nr. 296/2002, sbr. reglugerð nr. 685/2002.

1. gr.

Í stað 4.-7. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar koma 4.-6. mgr., svohljóðandi:

Gerður skal húsaleigusamningur við hvern og einn íbúa sambýlisins um þann hluta sambýlisins sem hann hefur afnot af. Eigi íbúi óhægt með að undirrita leigusamning og gera sér grein fyrir þýðingu hans, skal forsvarsmaður svæðisskrifstofu eða þjónustu við fatlaða á viðkomandi svæði, staðfesta yfirlýsingu þar sem lýst er því húsnaði sem íbúinn hefur afnot af.

Um leigufjárhæð fer sem hér segir:

Leiga á mánuði:

Herbergi minna en 10 m ²	kr.	11.000
Herbergi 10–14 m ²	kr.	13.000
Herbergi stærra en 14 m ²	kr.	15.000
Herbergi með snyrtingu	kr.	18.000
Ígildi 2ja herbergja íbúðar	kr.	23.000

Fjárhæð húsaleigu er endurskoðuð í janúarmánuði ár hvert og tekið mið af bótum almannatrygginga eða vísitölu neysluverðs eftir því sem er fötluðum hagstæðara. Samanlagt framlag íbúa til heimilissjóðs og húsaleigu, að teknu tilliti til húsaleigubóta, nemi þó ekki hærri fjárhæð en 80% af örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka eða jafngildi þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og með stoð í 3. gr. laga nr. 52/2001, um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. desember 2002.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

Skilgreiningar á búsetuformum

Samkvæmt reglugerð nr. 296/2002 um búsetu fatlaðra þá eiga eftirfarandi búsetuform að standa fólki með fötlun til boða:

Íbúðir

Með íbúðum er átt við íbúðir í eigu einstaklinganna sjálfra, almennar leiguíbúðir og leiguíbúðir sveitarfélags eða félagasamtaka þar sem íbúðir eru ekki í neinni nálægð við skipulagða þjónustu. Einstaklingar með fötlun sem búa sjálfstætt í íbúðum geta sótt um þjónustu til Búsetudeildar í formi almennrar heimaþjónustu, frekari liðveislu og félagslegrar liðveislu.

Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu

Hér er átt við íbúðir í fjöleignahúsi, eða íbúðir á tilteknu svæði, með sameiginlegri aðstöðu. Með sameiginlegri aðstöðu er átt við rými þar sem starfsmenn geta haft aðstöðu og eftir atvikum einnig með eldhúsi, sjúkrabaði o.fl. sem íbúar eiga aðgang að. Þessar íbúðir geta verið í eigu einstaklinganna sjálfra, leiguíbúðir sveitarfélags eða félagasamtaka. Þetta er hentugt búsetuform, óháð fötlun, þar sem að þjónustan er einstaklingsmiðuð en nálægð íbúðanna gerir það að verkum að hægt er að skipuleggja hana þannig að hún nýtist einstaklingunum sem best. Í þessu búsetuformi hafa einstaklingarnir nægjanlegt einkarými en jafnframt greiðan aðgang að þjónustu. Húsaleigu greiða einstaklingarnir sjálfir hver fyrir sína íbúð en sameiginleg aðstaða er rekin á vegum rekstraraðila þjónustunnar.

Sambýli

Með sambýli er átt við heimili fámennra hópa fatlaðra, 18 ára og eldri, sem þarfnast að jafnaði þjónustu og aðstoðar starfsmanns. Sameiginlegur heimilissjóður skal standa undir sameiginlegum útgjöldum íbúanna en hver og einn þeirra greiðir þar fyrir utan húsaleigu en leigufjárhæð fer eftir stærð einkarýmis einstaklingsins.

Áfangastaðir

Með áfangastað er átt við dvalarstað fyrir fatlaða þar sem þeir geta búið tímabundið eftir dvöl á stofnun og til að undirbúa sjálfstæða búsetu. Um rekstur áfangaheimilis gildir það sama og um rekstur sambýlis. Sameiginlegur heimilissjóður skal standa undir sameiginlegum útgjöldum íbúanna en hver og einn þeirra greiðir þar fyrir utan húsaleigu sem fer eftir stærð einkarýmis einstaklingsins.

Vistheimili

Með vistheimili er átt við sólarhringsstofnanir fyrir fatlað fólk, 18 ára og eldra, þar sem að fólkið á heimili og fær nauðsynlega þjónustu. Rekstrarkostnaður vistheimilis

greiðist allur úr ríkissjóði og fá heimilismenn vasapeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Heimili fyrir börn

Hér er átt við sérstök heimili fyrir börn á aldrinum 0-18 ára sem vegna fötlunar sinnar geta ekki búið í foreldrahúsum. Foreldrar fara með forsjá barns sem dvelst á heimilinu sbr. barnalög. Gert er samkomulag við foreldra um tilhögun dvalarinnar og tengsl barns við foreldra. Rekstrarkostnaður heimilisins greiðist allur úr ríkissjóði en foreldrar bera áfram framfærsluskyldu fyrir barninu og sjá því fyrir vasapeningu, fatnaði, húsgögnum í herbergi o.s.frv.

FLOKKUN EFTIR ÞJÓNUSTUÞÖRF

Mjög lítil þjónustupörf.

Sjálfbjarga með lágmarksþjónustu, er fær um að búa sjálfstætt (ein/einn í íbúð) með mjög lítilli þjónustu og fara ferða sinna á eigin spýtur. Þjónustupörf (aðstoð/eftirlit) minna en **5 klst.** á viku.

Lítill þjónustupörf.

Sjálfbjarga með nokkurri þjónustu, er fær um að búa sjálfstætt með lítilli þjónustu og fara ferða sinna að mestu á eigin spýtur. Þjónustupörf **5-10 klst.** á viku.

Þjónustupörf undir meðallagi.

Þarfnast nokkurrar þjónustu við sjálfstæða búsetu. Talsverð færni til sjálfsbjargar, getur sinnt persónulegum þörfum (hreinklæti, að klæðast, matast o.þ.u.l.), almennum heimilisstörfum (matargerð, þrif o.þ.u.l.) og farið ferða sinna með fremur litlu eftirlit/aðstoð, þarfnast að jafnaði ekki næturvaktar. Þjónustupörf **15 klst.** á viku.

Meðal þjónustupörf.

Þarfnast nokkurrar þjónustu við sjálfstæða búsetu. Nokkur færni til sjálfsbjargar, getur sinnt persónulegum örfum og almennum heimilisstörfum að nokkru leiti og farið ferða sinna einn en með talsverðri aðstoð/eftirliti. Nokkur aðstoð/eftirlit nauðsynlegt vegna hegðunar eða líkamslegs ástands. Þarfnast óreglulegrar eða sofandi næturvaktar. Þjónustupörf **25 klst** á viku.

Þjónustupörf yfir meðallagi.

Þarfnast verulegrar þjónustu við sjálfstæða búsetu. Fremur lítil færni til sjálfsbjargar, þarf talsverða aðstoð við að sinna persónulegum þörfum og almennum heimilisstörfum, fer ferða sinna aðeins með sérþjónustu (sérstök ferðaþjónusta, leigubílar). Talsverð aðstoð/eftirlit nauðsynlegt vegna hegðunar eða líkamlegs ástands. Næturvakt að jafnaði nauðsynleg. Þjónustupörf **40 klst.** á viku.

Mikil þjónustupörf.

Þarfnast mikillar þjónustu við sjálfstæða búsetu. Lítil færni til sjálfsbjargar, þarf mikla aðstoð við að sinna persónulegum þörfum, engin eða sáralítill þátttaka í heimilisstörfum, fer aðeins ferða sinna í fylgd annarra. Mikil aðstoð nauðsynleg vegna hegðunar eða líkamlegs ástands. Næturvakt nauðsynleg. Þjónustupörf **65 klst.** á viku.

Mjög mikil þjónustupörf.

Þarfnast stöðugrar aðstoðar/eftirlits á öllum sviðum allan daginn eða nær allan daginn (nánast “manninn með sér”) vegna þess að hann/hún er ósjálfbjarga eða því sem næst ellegar að hegðun krefst þess. Næturvakt nauðsynleg. Þjónustupörf **90 klst** á viku.

Mat á húsnæði

Álfabyggð 4 (áfangaheimili):

Íbúar: Aðgengi og aðstaða fyrir íbúa er mjög góð þar sem ekki er um að ræða einstaklinga með líkamlegar fatlanir. Húsnæðið er á þremur hæðum en það hentar vel þeirri starfsemi sem þar er. Herbergi eru misstór og uppfylla ekki núverandi kröfur um herbergjastærð þó að sum herbergjanna séu þokkalega stór (sjá fylgiskjal 8). Íbúar eru 7 um 3 salerni með baðaðstöðu. Húsnæðið allt mjög bjart og nýlega endurnýjað.

Starfsfólk: Vinnuaðstaða og aðgengi mjög gott fyrir starfsfólk.

Borgarhlíð (íbúðir með sameiginlegri aðstöðu):

Íbúar: Íbúðirinnar eru þrjár, 2ja, 3ja og 4ra herbergja. Þær eru staðsettar á annarri hæð og þarf að ganga upp tvo stiga til að komast inn í þær. Stigar eru flísalagðir og líklegt að þeir séu hálr í bleytu t.d. á veturna. Íbúar eru 6 og líkamleg fötlun 2-3ja þeirra er þannig hátt að vegna stiganna er aðgengi ekki gott fyrir þá og í raun spurning hversu lengi þeir ráða við að ganga stigana. Íbúðir eru ágætlega stórar en baðaðstaða hentar mjög illa í einni íbúðinni.

Starfsfólk: Vinnuaðstaða í íbúðunum er ágæt fyrir utan baðaðstöðu, sérstaklega í einni íbúðinni þar sem hún er mjög þröng miðað við þá aðstoð sem íbúarnir þurfa við böðun.

Byggðavegur efri hæð (sambýli):

Íbúar: Íbúðin er staðsett á annarri hæð en aðgengi að henni er nægjanlega gott fyrir þá íbúa sem þar búa en þeir eru ekki mikið líkamlega fatlaðir. Tröppur utan á húsinu geta verið mjög hálar á veturna auk þess að þær geta verið varasamar vegna steypuskemmda. Íbúðin er björt. Herbergin eru þokkalega stór en uppfylla þó ekki núverandi kröfur um herbergjastærð. Eitt sameiginlegt salerni með sturtu er fyrir íbúana þrjá sem þarna búa. Auk þess notar a.m.k. 1 íbúanna baðaðstöðu (baðkar) á neðri hæð sem er alls ekki nógu góð. Garðurinn þarfnast töluverðra endurbóta og nýtist illa þeim einstaklingum sem þarna búa þar sem hann er ekki afgirtur.

Starfsfólk: Íbúðin er staðsett í gömlu húsi en hún hefur nýlega verið tekin töluvert gegn. Íbúðin er öll mjög björt og vinnuaðstaða ágæt fyrir utan að baðaðstaða er frekar þröng með upphækkuðum sturtuklefa. Þvottaherbergi sem er þokkalegt er staðsett á neðri hæð en mjög þröngur stigi liggur þangað niður.

Byggðavegur neðri hæð (sambýli):

Íbúar: Íbúðin er staðsett á neðri hæð og aðgengi að henni er ágætt. Forstofa er mjög þröng og íbúðin sem er hálfniðurgráfin öll mjög dimm. Á veturna byrgir snjór oft á tíðum fyrir glugga íbúðarinnar. Herbergin eru lítil (Sjá fylgiskjal 8). Baðaðstaða mjög slæm miðað við þá einstaklinga sem þarna búa. Eitt salerni fyrir 3 íbúa. Húsið að utan og garðurinn þarfnast verulegra endurbóta. Töluverðar rakaskemmdir í íbúðinni.

Starfsfólk: Íbúðin er mjög dimm og drungaleg. Að okkar mati er ekki líklegt að hægt sé að bæta úr því með betri lýsingu. Vinnuaðstaða inn á salerni/baði er mjög slæm vegna þess hversu þröng hún er og upphækkaður sturtuklefi er nánast hættulegur bæði fyrir íbúa og starfsfólk. Önnur vinnuaðstaða þokkaleg fyrir utan að það vantar geymslurými fyrir kerrur o.fl.

Dvergagil 3 (Heimili fyrir börn):

Íbúar: Aðgengi er mjög gott fyrir þá íbúa sem þar búa. Húsnæði er bjart og rúmgott. Herbergi misstór og uppfylla ekki núverandi kröfur um herbergjastærð (Sjá fylgiskjal 8). Baðaðstaða er í dag nægjanleg en ef barn með meiri líkamlega fötlun flytti á heimilið þá þyrfti að huga að breytingum með þarfir þess í huga. Tvö salerni fyrir 4 íbúa. Mjög góður garður sem hentar vel starfseminni.

Starfsfólk: Bjart og aðgengilegt húsnæði. Vinnuaðstaða góð fyrir utan þrengsli í þvottahúsi og skort á geymslurými.

Dvergagil 40 (Sambýli):

Íbúar: Í Dvergagili 40 búa einstaklingar með mikla líkamlega fötlun sem þyrftu íbúð sem sérhönnuð er með þeirra þarfir í huga. Herbergi misstór og uppfylla ekki núverandi kröfur um herbergjastærð (Sjá fylgiskjal 8). Fyrir einstakling í hjólastól er íbúðin öll of þröng, bæði herbergi, stofa o.s.frv. Baðaðstaða er mjög slæm fyrir svona mikið fatlaða einstaklinga. Eitt salerni fyrir fjóra íbúa. Annars er íbúðin björt og notaleg og myndi henta vel fyrir einstaklinga með minni líkamlega fötlun. Ágætur garður sem nýtist vel íbúum.

Starfsfólk: Húsnæðið er allt of þröngt til að þjónusta einstaklinga með mikla líkamlega fötlun. Aðgengi að íbúðinni er ágætt en of þröngt fyrir starfsmenn að athafna sig með hjólastól er inn er komið. Baðaðstaða á heimilinu er mjög slæm og líkamlega mjög erfitt fyrir starfsfólk að aðstoða íbúana við böðun. Vinnuaðstaða í þvottahúsi ágæt en geymslurými þyrfta að vera meira miðað við þarfir íbúanna.

Eiðsvallagata 34 (Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu):

Íbúar: Sérhannaðar 45-50 fm. einstaklingsíbúðir fyrir fatlaða sem henta mjög vel.

Starfsfólk: Vinnuaðstaða mjög góð.

Hafnarstræti 16 (sambýli):

Íbúar: Bjart og rúmgott húsnæði. Vel til þess fallið að þjónusta mikið líkamlega fatlaða einstaklinga. Herbergi stór með vaski en vantar sér salernisaðstöðu. Tvö salerni fyrir 5 íbúa. Brautir í lofti og auðvelt að athafna sig með hjálparkæki eins og lyftara o.fl. Sjúkrabaðkar og góð sturtuáðstaða. Öllum vöskum er hægt að halla að hjólastólum. Eldhús þannig úr garði gert að mjög auðvelt er að fara þangað inn með hjólastóla og hægt er að hækka og lækka eldhúsbekki. Stór garður sem auðvelt er fyrir íbúana að nýta sér.

Starfsfólk: Öll vinnuáðstaða til fyrirmyndar. Gott þvottahús og geymslurými. Heimilið er vel búið hjálparkækjum og gott rými til þess að athafna sig með þau. Góð staðsetning. Bjart og þægilegt húsnæði til vinna í. Garður full stór og nýta íbúar ekki nema hluta hans en mikil vinna fer í það hjá starfsfólki að hirða hann.

Helgamagrastræti 28, efri hæð (Sambýli):

Íbúar: Þokkalega hentugt húsnæði fyrir þá einstaklinga sem þar búa en þeir eru ekki mikið líkamlega fatlaðir. Herbergi mjög misstór og a.m.k. tvö þeirra uppfylla ekki núverandi kröfur um herbergjastærð (Sjá fylgiskjal 8). Nokkuð björt íbúð og ágætlega rúmgóð fyrir núverandi íbúa. Eitt baðherbergi/snyrting fyrir þrjá íbúa. Húsið að utan og garðurinn þarfnast verulegra endurbóta.

Starfsfólk: Þokkaleg vinnuáðstaða en eldhús mætti vera betra og meira geymslurými.

Helgamagrastræti 28, neðri hæð (Sambýli):

Íbúar: Ein lítil einstaklingsíbúð og tvö herbergi með salerni. Sæmileg aðstaða en frekar dimmt þar sem húsnæðið er töluvert niðurgrafið.

Starfsfólk: Þokkaleg vinnuáðstaða en vantar meira geymslurými.

Jörvabyggð (Sambýli):

Íbúar: Fallett og heimilislegt húsnæði. Bjart og rúmgott. Herbergi misstór og ekkert þeirra uppfyllir núverandi kröfur um herbergjastærð. Tvö salerni fyrir 5 íbúa. Baðaðstaða hentar ágætlega þeim íbúum sem þar búa. Góður garður sem nýttist vel íbúum.

Starfsfólk: Vinnuáðstaða góð, bjart húsnæði, nægjanlegt geymslupláss, gott eldhús og þvottahús, góður garður.

Skútagil 2 (Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu):

Íbúar: Sérhannaðar ca 45-50 fm. einstaklingsíbúðir fyrir fatlaða sem henta mjög vel.

Starfsfólk: Vinnuaðstaða mjög góð.

Snægil 1 (Sambýli):

Íbúar: Sérhannað húsnæði fyrir fatlaða. Öll herbergi eru 17.6 fm. auk baðherbergis með sturtu sem er 4.4 fm. og forstofa 4 fm. Bjart og rúmgott húsnæði. Stórt sameiginlegt baðherbergi með sjúkrabaði. Allt aðgengi mjög gott, góður garður.

Starfsfólk: Vinnuaðstaða mjög góð. Nóg pláss fyrir hjálpartæki. Baðaðstaða góð og einnig vinnuaðstaða í eldhúsi og þvottahúsi. Gott geymslurými.

Þórunnarstræti (Sambýli):

Íbúar: Húsnæði er staðsett á annarri hæð þannig að aðgengi er ekki gott en er þó í lagi fyrir núverandi íbúa, en þeir eru ekki mikið líkamlega fatlaðir. Tvö herbergjanna stór en tvö sem eru rúmlega 11 fm og tæplega 10 fm uppfylla ekki núverandi kröfur um herbergjastærð. Nokkuð björt íbúð og ágætlega rúmgóð fyrir núverandi íbúa. Eitt baðherbergi/ snyrting fyrir fjóra íbúa.

Starfsfólk: Vinnuaðstaða þökkaleg miðað við þá þjónustu sem íbúar þurfa. Hentar alls ekki einstaklingum með meiri fötlun.

Ægisgata (Sambýli):

Íbúar: Íbúar allir með töluverða líkamlega fötlun. Húsnæðið er frekar þröngt og hentar illa íbúum með þetta miklar líkamlegar fatlanir. Lítið pláss fyrir hjólastóla og önnur nauðsynleg hjálpartæki. Herbergi misstór og einungis eitt sem uppfyllir núverandi kröfur um herbergjastærð (Sjá fylgiskjal 8). Töluverð þrengsli í eldhúsi fyrir svo mikið líkamlega fatlaða einstaklinga. Tvö salerni fyrir fjóra íbúa en aðgengi að öðru þeirra er mjög slæmt. Staðsetning heimilisins mjög góð.

Starfsfólk: Vinnuaðstaða ekki góð til að þjóna svo mikið fötluðum einstaklingum. Baðaðstaða þökkaleg en skortir allt geymslurými.

* Af ýmsum ástæðum var sambýlið í Þrastarlundi ekki tekið með í þessari úttekt, en það húsnæði er samkvæmt forstöðumanni í ágætu ástandi og hentar þökkalega starfsseminni.

Anna Einarsdóttir ráðgjafi og Ólafur Torfason iðjuþjálfari unnu samantekt fyrir starfshóp um búsetumál í september 2002.

Fylgiskjal 9

Nafn:	Stærð herbergis/ einkarýmis:	Húsaleiga pr. mán. frá jan. 2003 skv. nýrri reglugerð:	Húsaleiga eða önnur gjöld í desember 2002:	Mismunur:
		nr. 296/2002		
Álfabyggð 4				
Herbergi 1	11,7 m ²	13.000	5.000	8.000
Herbergi 2	9,4 m ²	11.000	5.000	6.000
Herbergi 3	10,5 m ²	13.000	5.000	8.000
Herbergi 4	11,4 m ²	13.000	5.000	8.000
Herbergi 5	14,6 m ²	15.000	5.000	10.000
Herbergi 6	10 m ²	13.000	5.000	8.000
Herbergi 7	10,2 m ²	13.000	5.000	8.000
		91.000	35.000	56.000
Byggðavegur 91				
Herbergi 1	12,4 m ²	13.000	1.958	11.042
Herbergi 2	12,4 m ²	13.000	1.958	11.042
Herbergi 3	9,8 m ²	11.000	1.958	9.042
Herbergi 4	11,2 m ²	13.000	1.958	11.042
Herbergi 5	12,7 m ²	13.000	1.958	11.042
Herbergi 6	9,2 m ²	11.000	1.958	9.042
		74.000	11.748	62.252
Dvergagil 3				
Herbergi 1	14 m ²	15.000	3.071	11.929
Herbergi 2	10,3 m ²	13.000	3.071	9.929
Herbergi 3	10,9 m ²	13.000	3.071	9.929
Herbergi 4	14,3 m ²	15.000	3.071	11.929
		56.000	12.284	43.716
Dvergagil 40				
Herbergi 1	11 m ²	13.000	17.989	-4.989
Herbergi 2	12 m ²	13.000	17.989	-4.989
Herbergi 3	11 m ²	13.000	17.989	-4.989
Herbergi 4	12 m ²	13.000	17.989	-4.989
		52.000	71.956	-19.956
Hafnarstræti 16				
Herbergi 1	17 m ²	15.000	3.423	11.577
Herbergi 2	17 m ²	15.000	3.423	11.577
Herbergi 3	17 m ²	15.000	3.423	11.577
Herbergi 4	17 m ²	15.000	3.423	11.577
Herbergi 5	17 m ²	15.000	3.423	11.577
		75.000	17.115	57.885

Helgamagrastræti 28				
Íbúð á neðri hæð	42,2 m ²	23.000	16.131	6.869
Herbergi 2	14,1 m ²	15.000	16.131	-1.131
Herbergi 3	16,7 m ²	15.000	16.131	-1.131
Herbergi 4	10,6 m ²	13.000	16.131	-3.131
Tvö herbergi og salerni	34,75 m ²	18.000	16.131	1.869
		84.000	80.655	3.345
Jörvabyggð 14				
Herbergi 1	14,5 m ²	15000	12.519	2.481
Herbergi 2	9,7 m ²	11000	12.519	-1.519
Herbergi 3	21,0 m ²	9000	12.519	-3.519
Tveir einstakl. deila herb. 3		9000	12.519	-3.519
Herbergi 5	12,6 m ²	13000	12.519	481
		57000	62.595	-5.595
Snægil 1				
Herbergi 1	26 m ²	18.000	3.658	14.342
Herbergi 2	26 m ²	18.000	3.658	14.342
Herbergi 3	26 m ²	18.000	3.658	14.342
Herbergi 4	26 m ²	18.000	3.658	14.342
Herbergi 5	26 m ²	18.000	3.658	14.342
Herbergi 6	26 m ²	18.000	3.658	14.342
		108.000	21.948	86.052
Þórunnarstræti 114				
Herbergi 1	11,3 m ²	13.000	14.453	-1.453
Herbergi 2	18,3 m ²	15.000	14.453	547
Herbergi 3	18,2 m ²	15.000	14.453	547
Herbergi 4	9 m ²	11.000	14.453	-3.453
		54.000	57.812	-3.812
Þrastarlundur				
Herbergi 1	15,1 m ²	15.000	0	15.000
Herbergi 2	13,5 m ²	13.000	0	13.000
Herbergi 3	28 m ²	18.000	0	18.000
Herbergi 4	17,7 m ²	15.000	0	15.000
Herbergi 5	18,3 m ²	15.000	0	15.000
		76.000	0	76.000
Ægisgata 26				
Herbergi 1	21,6 m ²	15.000	16.027	-1.027
Herbergi 2	11,48 m ²	13.000	16.027	-3.027
Herbergi 3	9,8 m ²	11.000	16.027	-5.027
Herbergi 4	12,33 m ²	13.000	16.027	-3.027
		52.000	64.108	-12.108

Starfshópur um búsetumál fólks með fötlun

Starfshópur sem skipaður er þremur starfsmönnum Búsetudeildar Akureyrarbæjar og þremur starfsmönnum Fjölskyldudeildar fékk það verkefni að setja fram hugmyndir að því hvernig standa mætti að framtíðarskipulagi á búsetuþjónustu við fólk með fötlun. Hópurinn hefur starfað að þessu verkefni og öðrum um nokkurt skeið og lagði í febrúar fram “Drög að stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun.”

Starfshópurinn skipa eftirtaldir starfsmenn:

Anna Einarsdóttir ráðgjafi
Helga Alfreðsdóttir þroskaþjálfari
Ingibjörg Jónsdóttir forstöðumaður
Jakobína Elva Káradóttir félagsráðgjafi
Ólafur Torfason forstöðumaður
Ólöf Leifsdóttir forstöðumaður

Umsagnir og athugasemdir við drög að stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun.

Félagsmálaráð fjallaði um drög að stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun á fundi sínum 10. febrúar 2003 og fól þá Búsetudeild að senda þau til kynningar. Drögin voru í febrúar 2003 send út til fjölmargra aðila til umsagnar auk þess sem að haldinn var fjölmennur kynningarfundur um drögin þann 22. mars. Fundargestir voru almennt ánægðir með innihald stefnunnar. Þann 28. febrúar var Kristínu Sigursveinsdóttir deildarstjóra boðið að vera með kynningu á drögunum á ráðstefnu sem haldin var af Landssamtökunum Þroskahjálp og Þroskajálfafélagi Íslands um búsetumál fólks með fötlun á Grand hóteli í Reykjavík. Skemmst er frá því að segja að viðbrögð fundargesta voru hin bestu og margsinnis í kjölfarið vitnuðu aðrir framsögumenn, bæði hagsmunasamtök, aðstandendur og aðrir þjónustuaðilar í þá “góðu hluti sem Akureyringarnir eru að gera”.

Eftirfarandi aðilar fengu drögin til umsagnar:

Þroskahjálp á Nl. Eystra, Landssamtökin Þroskahjálp, Geðverndarfélag Akureyrar Öryrkjabandalag Íslands, Félagsmálaráðuneytið, Svæðisráð um málefni fatlaðra á Nl. eystra, Félagsmálasvið Dalvíkurbyggðar, Húsnæðisdeild Ak., Fjölskyldudeild Ak., Geðdeild FSA, aðstandendur íbúa sambýla á Akureyri, aðstandendur notenda skammtíavistunar, íbúar, forstöðumenn og starfsfólk sambýla á Akureyri.

Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir, ábendingar og/eða spurningar:

1. Félagsmálaráðuneytið
2. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar
3. Geðverndarfélag Akureyrarbæjar
4. Landssamtökin Þroskahjálp
5. Öryrkjabandalag Íslands
6. Svæðisráð um málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra
7. Þroskahjálp á Norðurlandi eystra
8. Ari Baldursson, Kolbrún Reynisdóttir, Sigríður Baldursdóttir, Sig. Jónas Baldursson, Guðrún V. Eyvindsdóttir, Bryndís Baldursdóttir, Margrét Baldursdóttir (aðstandendur)
9. Freyja Eysteinsdóttir (aðstandandi)
10. Ingibjörg Auðunsdóttir (aðstandandi)
11. Kristján Ásmundsson (aðstandandi)
12. Lotta W. Jakobsdóttir (aðstandandi)
13. Rannveig Ármannsdóttir og Hákon Aðalsteinsson (aðstandendur)
14. Valborg Aðalgeirsdóttir og Grétar Berg (aðstandendur)

Öllum þeim er sendu inn umsagnir og athugasemdir um drögin hefur verið svarað skriflega.

Umsagnaraðilar lýstu allir yfir ánægju sinni með metnaðarfull drög að stefnu í búsetumálum fólks með fötlun, tóku undir þau meginmarkmið sem þar komu fram og ítrekuðu mikilvægi þess að setja sér stefnu til framtíðar í þessum málaflokki sem og öðrum. Hlutaðeigandi aðilar lýstu yfir áhuga til samráðs og samvinnu um það sem á eftir kemur.

Athugasemdir og ábendingar

Þó að allir aðilar væru sammála meginmarkmiðum stefnunnar þá komu fram nokkrar athugasemdir og ábendingar sem hér verða raktar, hvaða afstaða var tekin til þeirra, ef og hvernig þær voru felldar að drögumum.

Flestir umsagnaraðilanna vildu ítreka mikilvægi samráðs og samvinnu hinna fjölmörgu aðila sem munu í framtíðinni koma að þessari vinnu. Þetta er atriði sem allir eru sammála um að til þess að vel megi takast þá verður samvinnan að vera góð, hvort sem það er við þá sem þjónustunnar eiga að njóta eða aðra aðila sem að málinu koma. Rík áhersla var lögð á samvinnu í drögumum og var það ítrekað enn frekar við endurskoðun þeirra.

Ein ábending kom um samþættingu á þjónustukerfum fyrir fatlaða að hinu almenna þ.e. hvort ekki væri rétt að allar umsóknir um húsnæði, hvort sem það eru almennar leiguíbúðir, sambýli, íbúðasambýli eða íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, fengju sömu afgangi og aðrar húsnæðisumsóknir sem berast til bæjarins. Þessi ábending þótti þörf og var það sett inn í stefnuna að stefnt skuli að því að allar umsóknir um húsnæði er berast til bæjarins fengju sams konar afgangi.

Ein athugasemd barst um að skilgreina þyrfti betur þjónustu áfangageimilis. Sennilega er hér um að ræða misskilning vegna orðalags þ.e. í drögumum stóð að stefna bæri að því að þjónusta áfangageimilis kæmist í annað form en í raun var átt við breytingu á húsnæði sem myndi hýsa samskonar þjónustu og nú er og hefur gefið góða raun. Þannig að okkar mat er að ekki sé þörf á að skilgreina þá þjónustu frekar í endurskoðuðum drögum heldur eigi það heima annars staðar.

Önnur athugasemd barst um að setja þurfi skýrar í stefnuna hvernig haga á hlutum fyrir fólk sem vill og getur keypt sér íbúð sjálf en þarf sambærilega þjónustu og veitt er í þjónustukjarna. Í stefnunni kemur skýrt fram að möguleiki sé á því að einstaklingar geti keypt sér íbúð þar sem er sameiginleg aðstaða. Við teljum að það þurfi að setja ákveðnar verklagsreglur um hvernig því skuli háttað en það á þó ekki að okkar mati heima í búsetustefnunni.

Ein athugasemd kom fram um að heimili fyrir börn sé sett of seint inn í aðgerðaáætlunina. Varðandi forgangsroðun verkefna þá er sú aðgerðaáætlun sem sett er fram í drögumum ekki endanleg. Ljóst er að hún þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Áætlunin er gerð í samræmi við þær upplýsingar sem við höfum í dag og margt getur breyst á 10 árum. Ef í ljós kemur brýn þörf á næstu árum fyrir heimili fyrir börn þá mun endurskoðun á aðgerðaráætlun taka mið af því.

Önnur athugasemd barst um að breytingar fyrir íbúa sambýlisins Helgamagrastræti væru settar of seint inn í aðgerðaráætlunina. Svar við þessari athugasemd er sambærilegt við svarið hér á undan þ.e. aðgerðaráætlunin er ekki endanleg heldur þarf stöðugt að vera í endurskoðun á meðan þetta ferli stendur yfir. Auk þess þá verður hlutum yfirleitt ekki hagað algjörlega þannig að allir íbúar sambýlis flytji á sama tíma í sama hús og sambýlinu lokað heldur getur vel verið að sumir flytji á undan öðrum, allt eftir því hvað hentar hverjum einstaklingi.

Athugasemd kom um að óskað hefði verið að framkvæmdir við búsetumál geðfatlaðra fengju meiri forgang en áætlað er að nýr kjarni fyrir fólk með geðrænar raskanir taki

til starfa árið 2005. Ástæða þess að íbúðir með sameiginlegri aðstöðu ætlaðar geðfötlunum eru settar inn í aðgerðaráætlunina árið 2005 er sú að í núgildandi þjónustusamningi Akureyrarbæjar við félagsmálaráðuneytið er kveðið á um fjárveitingu til þess verkefnis þá. Ljóst er að talsvert stór hluti fólks með geðfötlun ræður við mun sjálfstæðari búsetu og lausnin fyrir þann hóp er ekki íbúðir með sameiginlegri aðstöðu. Aðstoða verður þá einstaklinga við að sækja um almennar leiguíbúðir hjá Akureyrarbæ og Öryrkjabandalagi Íslands og veita þeim þjónustu eftir þörfum í þá búsetu.

Í umsögn Geðverndarfélag Akureyrar sem er eigandi húsnæðisins að Álfabyggð 4 koma fram vangaveltur um hvort ekki megi nýta það húsnæði til frekari framþróunar í þjónustu við geðfatlaða fremur en að losa sig við það. Þetta er eitthvað sem þarf að taka afstöðu til þegar þar að kemur en ekki má gleyma hvert meginmarkmið búsetustefnunnar er þ.e. að búa einstaklingum með fötlun sambærileg búsetuskilyrði og almennt gerist varðandi einkarými. Í Álfabyggð er slíkt einkarými ekki fyrir hendi þannig að gera þyrfti töluverðar breytingar á húsnæðinu til að það hentaði sambærilegri starfssemi eða þá að nýta það í annað.

Að minnsta kosti tveir aðilar vöruðu við þeim áætlunum að byggja sex og allt að sjö íbúðir með sameiginlegri aðstöðu saman eins og ráðgert er á næsta ári. Fyrir því voru færð ákveðin rök, m.a. að erfitt er skipulagsins vegna að koma svo stórum húsum fyrir svo vel sé; að með hverjum íbúa fylgi að auki fleiri stöðugildi inn á heimilið sem kallar á aukið rými fyrir bílastæði, starfsmannaáðstöðu o.þ.h.; að allt þetta skapar menningu bæði útavið og innávið sem er líklegri til að stofnanagerast en þegar íbúar eru færri og húsin minni. Bent var á að hugmyndafræði samskipunar gengur út á að fólk með fötlun dreifist með sem eðlilegustum hætti í samfélaginu, því er það á skjön að vera að safna svo mörgum einstaklingum í sama hús við sömu götu.

Jafnframt var bent á að til að tryggja að þær breytingar sem nú á að fara í varðandi búsetuhagi fólks með fötlun á Akureyri standist tímans tönn og Akureyri verði til einhvern framtíðar til fyrirmyndar fyrir aðra þá sé vert að skoða hvernig uppbygging búsetuþjónustu hefur verið háttáð hjá þeim þjóðum sem lengst hafa náð s.s. Norðmönnum og Svíum. Við endurskoðun á aðgerðaáætluninni var tekið tillit til þessara ábendinga um fjölda á þann hátt að þegar um er að ræða einstaklinga sem þurfa mikla þjónustu þá verði íbúar ekki fleiri en fimm í sama húsi. Okkar mat er að þegar þjónustuþörf er ekki meiri en svo að einn starfsmaður geti annast hana eins og gefist hefur vel bæði í Skútagili og Eiðsvallagötu þá breyti það ekki öllu hvort að íbúar eru fimm eða sex.

Ábending kom um að brýnt sé að ekki verði of mikil nálægð á milli sambýla eða kjarna. Þessu erum við sammála og bættum inn í endurskoðuð drög að hafa beri í huga hugmyndafræði um samskipan þegar farið verður að sækja um lóðir fyrir þessi hús þ.e. að dreifing þeirra verði sem jöfnust um íbúðarhverfi bæjarins.

Í umsögn Öryrkjabandalags Íslands er vísað í stefnuskrá þeirra og þá miklu uppbyggingarvinnu sem bandalagið hefur staðið fyrir í búsetumálum fólks með fötlun undanfarin ár um allt land og einnig hér á Akureyri. Öryrkjabandalag Íslands átti þegar á 9. áratugnum þátt í að móta hugmyndir um íbúðakjarna með sameiginlegri þjónustu sem eru nú að taka við af hefðbundnum sambýlum. Bætt var inn í endurskoðuð drög tilvísun í stefnu og markmið ÖBÍ um búsetu.

Gagnrýni kom á að í drögunum séu ekki sé nógu vel skilgreint hverju sinni hvaða hópa fatlaðra sé um að ræða. Það var meðvituð ákvörðun að haga hlutum þannig að ekki væru nákvæmlega skilgreindir út frá fötlun hópar fólks sem ættu að búa í þessu húsi eða hinu. Okkar mat er að þegar einstaklingar hafa nægjanlegt einkarými og þjónusta er við hæfi þá skipti ekki meginmáli hver fötlun mannsins í næstu íbúð er þ.e. einstaklingar með mismunandi fatlanir geta búið í sama húsi svo fremur sem húsnæði og þjónusta er við hæfi.

Ein athugasemd kom fram um að inn í stefnuna vantaði tilfinnanlega spá um fjölgun fatlaðra á Akureyri fram til ársins 2013. Í dag búa innan við 100 manns í sérstakri búsetu fyrir fatlaða hér á Akureyri þ.e. á sambýli, áfangageimili, heimili fyrir börn eða íbúð með sameiginlegri aðstöðu. Þetta er vel innan við 1% bæjarbúa þannig að ekki er fyrirsjáanleg nein gífurleg aukning á fólki með fötlun í bænum sem hægt er að spá fyrir um. Á Akureyri eru hlutfallslega fleiri einstaklingar með fötlun heldur en víðast annars staðar og má það rekja til þess tíma sem Sólborg var hér og fólk með fötlun flutti þangað víða að. Þar sem stefnan nú er sú að fólk fái þjónustu í sinni heimabyggð hjá sínu fólki þá má jafnvel reikna með að innan einhverra ára þá hafi fötludum hér á svæðinu fækkað eitthvað hlutfallslega a.m.k. staðið í stað. Nema auðvitað ef að gífurleg fólksfjölgun verður á Akureyri en það er ekkert í dag sem gefur okkur til kynna að svo verði.

Athugasemd kom fram um að ekki væri tekið fram í drögunum hversu margir einstaklingar séu á biðlista eftir búsetuúrræði. Þetta er ekki alls kostar rétt því í drögunum var sagt frá því í kaflanum “núverandi staða” hver biðlistinn er eftir hverju úrræði fyrir sig. Þar sem það var augljóslega ekki nógu skýrt þá var bætt þar inn töflu sem sýnir biðlista eftir hverju úrræði fyrir sig

Ábending kom um að kanna þyrfti ítarlega þörf fatlaðra fyrir húsnæði á Akureyri til þess að áætlunin verði raunhæf. Það hefur að einhverju leyti verið gert með því að senda skriflegar fyrirspurnir m.a. til geðdeildar FSA og, endurhæfingardeildar á Kristnesi. Ekki má gleyma að á Búsetudeild og Fjölskyldudeild bæjarins er fyrir hendi ákveðin yfirsýn yfir þá einstaklinga á svæðinu sem þurfa sérstök búsetuúrræði en aðilar frá báðum þessum deildum sitja í starfshópnum sem vann drögin.

Í athugasemd frá ÖBÍ kemur fram að þeir telja að það muni takmarka getu ÖBÍ, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Geðverndarfélags Akureyrar og ríkisvaldsins til að auka fjárfestingar sínar í bænum að Akureyrarbær hyggst leitast við að semja við þessa aðila um þátttöku í fjármögnun þess húsnæðis sem ætlunin er að byggja skv. þessari áætlun og að Akureyrarbær hyggst einungis fjármagna byggingu hluta þess húsnæðis sem áformað er að taka í notkun fram til ársins 2013. Þessi athugasemd er eitthvað sem þarf að fara yfir með hlutaðeigandi aðilum enda er einungis sagt í aðgerðaráætluninni að skoða megi möguleikann á að semja við o.s.frv. Ekki er tekin önnur afstaða til þessa í endanlegri stefnu en hafa ber í huga að ef sú áætlun sem liggur fyrir gengur eftir þá teljum við að þörfum fólks með fötlun fyrir sérstöku húsnæði sé að mestu mætt þannig að alls óvíst er að um frekari þörf fyrir húsnæði verði að ræða.

Í annari athugasemd ÖBÍ stendur að æskilegt sé að uppbygging almennra leiguíbúða á Akureyri taki undantekningarlaust mið af þörfum fatlaðra samanber þá framsæknu

stefnu bæjarins að auka þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Í drögunum er sett fram það markmið að nægjanlegt framboð verði á leiguhúsnæði fyrir fólk með fötlun og aukinn fjöldi sérhannaðra leiguíbúða með tilliti til fötlunar. Þetta markmið teljum við að svari þessari athugasemd en til að ná því verðum við að leitast eftir samstarfi við þá aðila sem hafa leiguíbúðir bæjarins á sinni könnu.

Ein athugasemd kom fram um að augljóst væri að mikill metnaður byggði að baki þeirri stefnu sem sett hefur verið fram í búsetumálum fatlaðra á Akureyri en æskilegt væri að búsetustefnan yrði hluti heildarstefnu bæjarins í málefnum fatlaðra sem taki m.a. á málum eins og aðgengi í víðasta skilningi þess orðs, aðstoð við fjölskyldur fatlaðra, atvinnu, menntun o.fl. Búsetudeild tekur undir þessa athugasemd.

Athugasemd kom fram um að skilgreina þurfi betur hvað felst í “sameiginleg aðstaða” heldur en gert er á fylgiblaði er fylgir stefnunni. Þessu erum við ekki sammála. Sameiginleg aðstaða getur skv. reglugerð 296/2002 verið mjög breytileg þ.e. allt frá því að vera lítil aðstaða fyrir starfsfólk allt upp í að vera stærra rými t.d. með sjúkrabaði, sameiginlegu eldhúsi o.fl. sem íbúarnir hafa aðgang að. Við teljum að stærð og hlutverk sameiginlegu aðstöðunnar eigi að ráðast af þörfum einstaklinganna sem hana þurfa að nota. Með því að skilgreina nánar hvað felst í sameiginleg aðstaða þá erum við búin að taka út ákveðinn sveigjaleika og komin með eitthvað ákveðið módel sem hentar kannski ekki öllum.

Þroskahjálp á Norðurlandi eystra kom með ábendingu um að félagið fái umsagnarrétt um teikningar sem lagðar verða fram að húsnæði fyrir fólk með fötlun. Við sjáum í raun ekkert til fyrirstöðu að félagið fái tækifæri til umsagnar a.m.k. að um þau hús sem ætluð eru fólki með þroskahömlun.

Ábendingar komu frá fleiri en einum aðila um að orðalagið “að sambyli í núverandi mynd verði ekki til “ hafi valdið misskilningi og haft truflandi áhrif á fólk. Þessu orðalagi var breytt við endurskoðunina.

Á einum stað kom fram sú spurning hver markhópurinn “fólk með fötlun” sé. Skilgreiningu á því var ekki bætt sérstaklega inn við endurskoðun draganna en þar er átt við einstaklinga sem af einhverjum sökum þurfa þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra.

Athugasemd kom um að það vanti að tengja betur saman markmið stefnunnar og aðgerðaráætlun. Við erum ekki sammála því og teljum að aðgerðaáætlunin endurspegli nokkuð vel markmiðin.

Athugasemd kom þó um eitt markmið sem ekki er að endurspeglast nógu vel í áætluninni en það er markmiðið um aukið framboð leiguhúsnæðis. Eins og áður hefur komið fram þá þarf ef og þegar stefnan hefur verið samþykkt að skoða í samvinnu við fjármálaþjónustudeild hvornig hægt er að ná þessu markmiði.

Það kom athugasemd um að inni í drögin vanti alveg markmið varðandi búsetumál aldraðra þroskaheftra og geðfatlaðra. Við bættum inn við endurskoðunina tilvísun í stefnumótun í málefnum aldraðra um að aldraðir einstaklingar eigi að eiga kost á að búa sem lengst á eigin heimili. Það sama gildir um aldraða einstaklinga með fötlun og aðra aldraða.

Athugasemd kom um að við hefðum ekki fjallað um skammtíamavistun í drögunum en skammtíamavistun er ekki búsetuúrræði heldur stuðningsúrræði fyrir fjölskyldur fatlaðra og á því ekki heima stefnu um búsetumál.

Ábending kom um að tengja þurfi markmið og aðgerðaráætlun við fjölda þeirra sem talið er að þurfi þjónustuna. Þessari athugasemd fylgdu útreikningar sem ekki ganga alveg upp þar sem þeir byggja ekki á alveg réttum forsendum. Við gerð aðgerðaráætlunarinnar var að sjálfsögðu stuðst við upplýsingar um bæði fjölda þeirra sem talið er að þurfi þjónustu og þjónustubörf þeirra en þar sem að þetta eru upplýsingar um einstaklinga sem eru trúnaðarmál þá eiga þær ekki heima í þessari skýrslu. Við höfum sett niður nákvæman nafnalista yfir þá einstaklinga á sambýlum, í foreldrahúsum, í sjálfstæðari búsetu o.s.frv. sem á næstu árum munu þurfa á búsetu að halda í íbúð með sameiginlegri aðstöðu. Aðgerðaáætlunin var byggð á þessum nafnalista auk þess sem reiknað var með ákveðnum sveigjanleika.

Ábending kom um að það komi ekki nógu vel fram í aðgerðaráætluninni hvernig þjónustan verður einstaklingsmiðuð. Þessu var ekki sérstaklega bætt inn við endurskoðun en þó teljum við þetta endurspeglast í allri stefnunni. Í svarbréfi okkar til viðkomandi aðila kemur fram að íbúðir með sameiginlegri aðstöðu er búsetuform sem hefur í för með sér einstaklingsmiðaðri þjónustu heldur en búseta á sambýli þ.e. þar sem einstaklingur býr einn í íbúð er þjónustan skipulögð í kringum hann en ekki marga aðra sem búa með honum.

Ábending kom um að það vanti alveg inn í drögin að setja markmið og aðgerðaáætlun varðandi starfsþróun og þjálfun starfsfólks. Að okkar mati á það ekki heima hér inni en á því geta verið misjafnar skoðanir. Þó að við teljum það ekki eiga heima í búsetustefnunni þá erum við ekki að draga úr mikilvægi þess að vera með góða starfsmannastefnu þar sem gert er ráð fyrir starfsþróun og þjálfun starfólks til að vera betur í stakk búið að ráða við oft erfið verkefni.

Athugasemdir komu varðandi nokkur atriði sem þóttu óljós eða ekki gerð sérstök skil í drögunum. Þetta voru atriði eins og að fjármögnun væri óljós, að það vantaði að skilgreina ábyrgðaraðila, hvernig mæla skuli árangur, að gera grein fyrir verklegri hlið framkvæmda s.s. varðandi hönnun og útboð. Það er rétt að þessum atriðum hafa ekki verið gerð full skil í drögunum enda eiga þau að okkar mati ekki heima þar. Ef og þegar stefnan verður samþykkt þá mun mikil vinna fara í gang við að útfæra einmitt þessi atriði en ekki þótti tímabært að fara í þá miklu vinnu fyrir en ljóst væri að þessi stefnumótun í búsetumálum fengi brautargengi og væri samþykkt.

Einn aðili kom með athugasemd um að varla geti verið markmiðið að breyta því sem vel hefur tekist til með eins og sambýlinu Jörvabyggð. Við endurskoðun var því bætt inn í aðgerðaáætlun að sambýlið í Jörvabyggð yrði lagt niður árið 2010 ef íbúar óska þess. Auk þess var inn í kaflann “leiðir að markmiðum” þar sem talað var um að leggja niður á næstu tíu árum öll þau sambýli sem eru í húsnæði þar sem ekki er nægjanlegt einkarými bætt eftirfarandi: Ljóst er að ef upp koma óskir frá íbúum sambýla eða aðstandendum þeirra um endurskoðun á þeirri fyrirætlun þá mun verða farið yfir mál þeirra sérstaklega.

Ákveðin hræðsla hefur komið fram bæði hjá nokkrum af þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir auk annarra um að einstaklingar einangrist í íbúðum með sameiginlegri aðstöðu. Að okkar mati er þarna ákveðinn misskilningur á ferð þ.e. það er ekkert sem segir að þó að einstaklingur hafi meira einkarými þá komi hann til með að einangrast. Af þessum sökum reyndum við að setja það skýrar inn í endurskoðuð drög að þjónusta í íbúð með sameiginlegri aðstöðu fer algjörlega eftir þörfum einstaklingsins og því þarf einstaklingur sem þarf mikla þjónustu á sambýli að öllum líkindum líka mikla þjónustu í íbúð með sameiginlegri aðstöðu. Þó að markmiðið sé að öll þjónusta verði í formi heimaþjónustu þá þarf sú þjónusta ekki að vera minni en sú sambýlaþjónusta sem er í dag. Markmiðið með því að gera þjónustuna að heimaþjónustu á rætur sína að rekja til mismunandi viðhorfa í þessum tveim tegundum þjónustu sem þó eru svo mikið skyldar. En nálgun heimaþjónustu teljum við af ýmsum sökum að sé eftirsóknarverðari.

Einn aðili tiltók að hann vonaði að það fjármagn sem þarf til að hægt verði að framfylgja áætluninni komi til samhliða því að hún sé samþykkt í félagsmálaráði. Einn aðili kom með athugasemd um að hann saknaði þess að ekki var fulltrúi aðstandenda og einstaklinga í starfshópnum.

Ábending kom um að undirbúa þurfi búsetuflutning í nánu samstarfi við einstaklinginn sjálfan og aðstandendur hans. Hér er átt við eins til tveggja ára undirbúningstíma.

Ábending kom um að aðilar hefji samstarf áður en íbúðarform er ákveðið og hönnun þess hafin.

Einn aðili tiltók að von hans væri að þessir íbúðakjarnar verði ekki eins og litlar “Sólborgir” vítt og breitt um Akureyri heldur verði ásamt velheppnuðum sambýlum fyrirmynd annarra sveitarfélaga í þessum málum. Við verðum að sjálfssögðu að taka undir það.

Þessar síðustu athugasemdir og ábendingar eiga ekki heima í stefnunni sjálfri en eru góðar til að hafa með í farteskinu þegar vinnu verður haldið áfram.

Hér á undan hefur verið gefið yfirlit yfir þær athugasemdir og ábendingar er bærust til Búsetudeildar í kjölfar þess að drög að stefnu Akureyrarbæjar voru send út í vel á annað hundruð eintökum. Reikna má með að nokkur hundruð manns hafi lesið drögin. Eins og fram kom í upphafi þá lýstu allir umsagnaraðilar, með hástemmdum lýsingarorðum, yfir ánægju sinni með þetta framlag Akureyrarbæjar og hvöttu til áframhaldandi dáða.

Akureyri 6. júní 2003.
f.h. Búsetudeildar

Anna Einarsdóttir ráðgjafi
Ingibjörg Jónsdóttir forstöðumaður
Ólafur Torfason forstöðumaður

